



BÓNDÁVARÐAN

27. MAÍ 2020. 19. ÁRGANGUR

DJÚPAVOGSHREPPUR

Gledilegt
vevnis

Ljósmynd: Guðmundur Már Karlsson

ÁVARP SVEITARSTJÓRA



Undanfarnar vikur og mánuðir hafa verið sérstakir svo vægt sé til orða tekið. Samfélagið allt hefur orðið fyrir áhrifum vegna kórónufaraldursins og þó nú sjái vonandi fyrir endann á ástandinu er rétt að muna að aldrei verður of varlega farið. Áhrifin á rekstur sveitarfélagsins koma til með að verða umtalsverð. Ljóst er að tekjur hafnarinnar verða mun minni en ráð var fyrir gert. Þegar hefur meirihluti þeirra skemmtiferðaskipa sem hingað voru væntanleg afboðað sig og minna af laxi og hefðbundnum bolfski hefur verið landað en gert var ráð fyrir. Afleiðing þessa er að störfum fækkar og skatttekjur minnka. Þrátt fyrir þetta gerir sveitarfélagið ekki ráð fyrir að draga úr framkvæmdum sem fyrirhugaðar voru s.s. við fráveitu, höfnina, Faktorshúsið og gömlu kirkjuna auk þess sem lokið verður við viðbyggingu við grunnskólann og aðgengi við íþróttamiðstöðina. Stefnt er að því að fjölga sumarstörfum og nýta það tækifæri sem við nú höfum til að vinna að ýmsum verkefnum tengdum umhverfi og ásýnd sveitarfélagsins.

Á fundi sveitarstjórnar nýlega var samþykkt að standa fyrir hreinsunarátaki hvort tveggja í dreifbýlinu og þéttbýlinu og vonast er eftir góðu samstarfi við íbúa og atvinnurekendur til að það gangi sem best.

Ýmsar stofnanir og fyrirtæki hafa þurft að gera róttækar breytingar á starfsemi sinni og allir hafa lagt sig fram um að hlýða Víði. Þetta á ekki síst við um skólana okkar þar sem starfsfólk, með dyggum stuðningi nemenda og aðstandenda hafa með aðáunarverðum hætti náð að aðlaga skólastarfið að breyttum aðstæðum. Fyrir vikið hefur náðst að standa vörð um mikilvægar grunnstöðir sveitarfélagsins á viðsjárverðum tímum. Vel gert!

Sveitarstjóri

FRÁ DJÚPAVOGSDEILD RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

Starfsemi árið 2019 var fjölbreytt og verður hér stiklað á stóru.

Á haustmánuðum fengum við afhent húsnæði frá sveitarfélaginu undir **fataverslun**. Hún var opin flest alla miðvikudaga frá kl 17-18 en séropnanir auglýstar aðra daga. Fatabúðinni var einstaklega vel tekið og erum við þakklát viðskiptavinum fyrir að versla og styrkja starfsemi RKÍ en einnig þeim sjálfbóðaliðum sem hafa staðið vaktina. Takk! Stefnt er að því að nýta ágóðann til að kaupa búnað fyrir fjöldahjálparstöðina okkar sem staðsett er í Djúpavogsskóla. Vegna Covid-19 hefur verslunin verið lokuð undanfarið og verður auglýst sérstaklega þegar við opnum aftur.

Regla komst á tæmingu á fatakassanum sem hefur verið tæmdur á miðvikudögum og alltaf nóg í honum og við tökum enn á móti fatnaði þrátt fyrir COVID-19. Bæjarbúar eru duglegir að flokka efnisbúta og klæðnað og setja í fatakassann í stað þess að senda í urðun, sem er frábært! Við minnum á að RKÍ tekur á móti öllum efnisbútum, þar á meðal gömlum tuskum, götöttum sokkum, nærfötum, gardinum og allt þar á milli. Viljum við ítreka að allt á að fara í vel lokaða poka því fatakassinn er ekki vatns og vindheldur auk þess sem tæming verður einfaldari.

Hér á Djúpavogi er fatasöfnun en ekki flokkun og því eru allir þó sendir frá okkur beint til Reykjavíkur án þess að sjálfbóðaliðar okkar fari í gegnum pokana eða flokki sérstaklega.

Björgunarvesti voru yfirfarin á vormánuðum en þau eru staðsett í skúr við smábátabryggjuna. Hvetjum við forráðamenn til að ítreka notkun þeirra við ungmenni sem njóta sín við veiðar á bryggjunni. Gott að allir séu öruggir við veiðarnar!

Með lakkandi sól í haust er stefnt á að bjóða upp á áhugaverð námskeið fyrir meðlimi RKÍ og aðra áhugasama. Vill stjórn deildarinnar endilega minna á að félagsskapur RKÍ deildarinnar er öllum opin og við viljum endilega bæta í hópinn vöskum sjálfbóðaliðum!

Fyrir hönd stjórnar RKÍ Djúpavogsdeildar

Jóhanna Reykjálín, ritari.

FRÉTTIR FRÁ TRYGGVABÚÐ

Þar sem að eldri borgarar eru í áhættuhópi vegna Covid 19 var ákveðið að loka Tryggvabúð af öryggisástæðum um óákveðinn tíma og hefur því engin starfsemi verið í húsinu í nokkrar vikur.

Almennt var vel tekið í þessa lokun hjá þeim sem hafa notið þjónustunnar í Tryggvabúð en starfsmenn hafa verið í sambandi við flesta þá sem vanalega sækja staðinn og fylgjast með því að þeir einangrist ekki. Við höfum boðist til að útrétta fyrir þá og tekið símaspjall. Það virtist enginn láta þessa einangrun koma sér úr jafnvægi. Allir segjast hafa nóg fyrir stafni og eru flestir í góðu símasambandi við vini og vandamenn. Félagsþjónustan og Rauði krossinn bauð upp á að eldra fólk gæti sótt um að fá símtöl frá teymi á þeirra vegum ef það vildi ræða við einhvern, hvort sem er um lífið og tilveruna eða fræðast og fá upplýsingar um Covid-19. Sett var auglýsing inn á Facebook síðu félagsstarfs Tryggvabúðar og sumum kynnt þetta teymi í gegnum síma en svo virðist sem enginn hafi fundið þörf hjá sér að nýta sér þjónustuna. Fólk var almennt vel upplýst um vírusinn og flestir voru í það góðu sambandi við vini og vandamenn að þeim fannst það duga.

Enn hefur ekki verin tekin ákvörðun um hvenær Tryggvabúð opni aftur. Þó nokkrir hafa verið spurðir út í það hvort þeim finnist orðið tímabært að opna og hvort þeir sjái fyrir sér að fara að mæta aftur en meirihlutinn vill biða aðeins. Kannski í eina til tvær vikur og sjá svo til.

Það er dásamlegt að sjá hversu mikil forrættindi það er að búa á litlum stað þar sem flestir þekkjast. Það virðast allir vera að hugsa um hvorn annan og það er frábært hvað fólk er duglegt að hafa samband við aðra og fylgjast með því hvort okkar yndislegu eldri borgarar hafi það ekki eins gott og mögulegt er í þessu ástandi. Allir eru tilbúnir að rétta fram hjálparhönd og redda því sem redda þarf.

Læt ég þessum pistli hér mér lokið og hlakka til að hitta fólkið mitt aftur þegar þar að kemur.

Dröfn Freysdóttir



Landsbankinn er efstur banka í Íslensku ánægjuvoginni

Ánægja viðskiptavina hvetur okkur áfram
til að veita framúrskarandi þjónustu
og verða betri banki á öllum sviðum.

NÝ BÖRN Í DJÚPAVOGSHREPPI

Það bætist enn við barnaflóruna í Djúpavogshreppi. 8 nýir einstaklingar eru hér kynntir til leiks.



Hér er **Alex Rafn Sævarsson**

- Þyngd við fæðingu: 3808 g.
- Lengd við fæðingu: 50 cm.
- Fæðingarstaður: Akureyri.
- Fæðingardagur: 31.12.2018.
- Foreldrar: Monika Plasciakova og Sævar Þór Rafnsson.
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera: Það sem hann á ekki að vera að gera og fara út að leika.



Hér er **Sóley Óskarsdóttir**

- Þyngd við fæðingu: 3040 g.
- Lengd við fæðingu: 48 cm.
- Fæðingarstaður: Reykjavík.
- Fæðingardagur: 15.01.2019.
- Foreldrar: Hildur Björk Þorsteinsdóttir og Óskar Ragnarsson
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera: Sóley elskar að vera úti að leika sér og fara í bað að sulla.




Hér er **Trausti Brimar Reykjalín Ingason**

- Þyngd við fæðingu: 3340gr.
- Lengd við fæðingu: 53cm.
- Fæðingarstaður: Akureyri.
- Fæðingardagur: 27.04.2019.
- Foreldrar: Jóhanna Sigurlín Reykjalín og Ingi Ragnarsson
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera: Að brölta og brasa með systkinum sínum.



Hér er **Julia Maria Gutowska**

- Þyngd við fæðingu: 3250 g.
- Lengd við fæðingu: 48 cm.
- Fæðingarstaður: Neskaupsstaður.
- Fæðingardagur: 26.05.2019.
- Foreldrar: Krzysztof Gutowski og Milena Gutowska.
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera: Borða, fara í bað og skvetta vatni



Hér er **Kolbeinn Mói Lefever**

- Þyngd við fæðingu: 4054 g.
- Lengd við fæðingu: 53 cm.
- Fæðingarstaður: Reykjavík.
- Fæðingardagur: 28.07.2019.
- Foreldrar: Greta Mjöll Samúelsdóttir & William Óðinn Lefever.
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera? Leika við systkini sín og truflast með þeim og pabba!



Hér er **Vala Pálmadóttir**

- Þyngd við fæðingu: 4030 g.
- Lengd við fæðingu: 53 cm.
- Fæðingarstaður: Landspítalinn í Reykjavík.
- Fæðingardagur: 18.08.2019.
- Foreldrar: Unnur Malmquist Jónsdóttir og Pálmi Fannar Smáráson.
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera: Að dansa



Hér er **Sigrún Guðnadóttir**

- Þyngd við fæðingu: 3595 g.
- Lengd við fæðingu: 49 cm.
- Fæðingarstaður: Landspítali.
- Fæðingardagur: 22. 08.2019.
- Foreldrar: Guðni Þórir Jóhannsson og Ólöf Vilbergsdóttir.
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera: Hlusta á tónlist og fylgjast með bróður sínum



Hér er **Alexa Irmý Matthíasardóttir**

- Þyngd við fæðingu: 3800 g.
- Lengd við fæðingu: 51 cm.
- Fæðingarstaður: Neskaupstaður.
- Fæðingardagur: 07.01.2020.
- Foreldrar: Karen Sveinsdóttir og Matthías Baldur Auðunsson.
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera? Henni finnst skemmtilegast að spjalla

FERÐAÁÆTLUN FERÐAFÉLAGS DJÚPAVOGS 2020

13. júní. Lón. 🚗

Ekið frá Geysi og deginum eytt í Lóni. Náttúrufegurðin í Lóninu er einstök og við ætlum að njóta þess að skoða okkur um þar.

24. – 26. júlí. Kverkfjöll – Holuhraun. 🚗

Jeppaferð á eigin bílum. Auðvelt er að komast í Kverkfjöll á jeppa eða jepplingi og engar stórar ár að fara yfir. Þarna mætast eldur og ís en svæðið er mikið jarðhitasvæði og þar eru há og tignarleg fjöll. Holuhraun er yngsta hraun landsins og í Kverkfjöllum er Sigurðarskáli.

22. ágúst. Markúsarsel. 🚗

Ekið inn í Flugustaðadal. Náttúrufegurð dalanna í Djúpavogshreppi er einstök og þar er Flugustaðadalur engin undantekning.

12. september. Víðidalur – Veturhús. 🚶

Gengið úr Fossárdal yfir í Hamarsdal. Falleg leið undir skemmtilegri leiðsögn Óla Ragnars.



MICHAEL RIZON



Bóndavarðan hafði samband við Michael Rizon, frá Filippseyjum, sem er einn af nýju íbúum okkar hér á Djúpavogi. Við báðum hann um að segja okkur eitthvað af sjálfum sér. Hvaðan hann væri, um fjölskylduhagi og hvernig það hefði verið að vera barn og unglingur á Filippseyjum. Einnig langaði okkur að vita hvað varð til þess að hann ákvað að flytja á Djúpavog.

Ég heiti Michael Rizon, er 29 ára gamall frá Filippseyjum. Ég á tvo yndislega drengi með kærustunni minni og kem frá litlu þorpi á Filippseyjum, sem er nálægt ströndinni. Þar er ótrúlega fallegt landslag en við bjuggum við frekar frumstæðar aðstæður. Við áttum saman fjölskyldufyrirtæki, framleiddum handverk sem var síðan selt út um allan heim. Þetta var okkar lífsviðurværi. Ég á fjóra bræður og hjálpuðumst við fjölskyldan að við allt, hvort sem það voru heimilisstörf eða að vinna í fjölskyldufyrirtækinu.

Ég er svo heppinn að vera yngstur af okkur bræðrunum. Það gerði það að verkum að ég hafði meira frelsi en þeir og gat gert það sem mig langaði til að gera þegar ég var lítill. Ég spilaði körfubolta, fór að synda með vinum og frændfólki og veiddi fisk með spjóti. Við áttum líka litla hlöðu, þegar ég var að alast upp og þar voru kjúklingar, bardagahanar, kýr, geitur og svín.

Ég fór í háskóla og útskrifaðist sem sjávarleiðsögumaður. Í háskólanum tók ég alls konar aukánámsgreinar, eins og t.d. klappstýrudans, dans, íþróttir og sund. Auk þess keppti ég, sem fulltrúi skólans, í Cebu City ólympíuleikunum (Cebu City er borg í Cebu héraði á Filippseyjum) í sundi og klappstýrudansi. Ég útskrifaðist með láði úr mínu námi.



Hvað varð til þess að þú ákvaðst að flytja til Íslands?

Ástæðan fyrir því að ég flutti til Íslands, á Djúpavog er sú að mig langaði til að veita börnum mínum og fjölskyldu betri framtíð, þó það sé mjög erfitt að búa fjarri þeim. Mér líkar mjög vel hér á Djúpavogi af mörgum ástæðum. Náttúran hér er ótrúlega falleg og ólík því sem ég á að venjast og fólkið hér er mjög vingjarnlegt. Sérstaklega fólkið í Búlandstindi, þar sem ég vinn. Þau eru dásamleg við okkur og svarið við bænum okkar.

Það er svolítið erfitt að taka þátt í félagslífinu hér á Djúpavogi og er tungumálið aðal hindrunin í því. Ég hef enn ekki tekið þátt í neinu en hlakka til þegar það gerist.

Hefurðu verið í íslenskunámi, hvernig gengur það og færðu tækifæri til að tala íslenskuna fyrir utan skólastofuna?

Ég hef verið að læra íslensku en það er erfitt – íslenskan er erfitt tungumál. Ég reyni þó að tala, tjá mig, sérstaklega við eldra fólk, því tungumálið er lykilatriði í því að verða gildur þátttakandi í samfélaginu. Ég þarf að nota meira það sem ég læri í íslenskukennslunni hjá Berglind, hún er frábær kennari. Takk kærlega fyrir mig Berglind!

MICHAEL RIZON - ENGLISH VERSION

I am Michael Rizon, 29 years old and I am from Philippines. I have 2 lovely boys with my girlfriend. I came from a small village closer to the beach, with beautiful view of the mountains and we live in a primitive life style. My family had a small family business which was handcrafting and we were selling it internationally. That was our source of living together with my 4 siblings (brothers) we helped our parents in everything (household chores, business etc.)

As the youngest amongst my siblings I was so lucky. I have all freedom to do whatever I like to do as a child. I love to play basketball, go on swimming with my cousins and friends, spear fishing. We also had a little barn (chickens, fighting cocks, cows goat and pigs).

I did went to the University and finished my profession as a Marine Transportation. I had been into a lot of extra-curricular activities in school; cheer dancing, dance sports, swimming. I was also the school representative to compete Cebu City Olympics on swimming category and also in cheer dancing. I graduated with honors in my profession.

Why did you decide to move to Iceland?

I decided to move to Iceland because I would like to give a better future for my kids and family though it is hard for me to be separated from them.

I like here because: - nature is new for me and so fascinating. - people are so wonderful. - Most of all is the company where I am working with, I would like to say that the owner/s are so kind to us. I thank God for them, they are a blessing to us and they are the answer to our prayers.

Basically on the social side here in Djúpivogur, it is quite difficult since language is the barrier. I never participated any social activities yet but I am looking forward into it. I have not casted any vote yet.

Are you studying Icelandic and do you get opportunities to practice speaking Icelandic outside the classroom?

Yes I am studying Icelandic, I am trying to articulate few words but I don't know the meaning. Icelandic word in general is so hard. I do tried to speak especially communicating to the elders.

The only way is I have to communicate and be involve to the community. I have to apply the teachings that I learned from Berglind, she is a wonderful teacher. I did learned a lot from her, I should say "Thank you so much Berglind!"

GLEÐILEGT SUMAR!

OPNUNARTÍMI VIÐ VOGINN Í SUMAR

Mánudaga - föstudaga: 09:00 - 21:00

Laugardaga & sunnudaga: 10:00 - 21:00



KÖKUBORÐIÐ ER ÁVALLT STÚTFULLT AF KRÆSINGUM
HEITUR MATUR Í HÁDEGINU ALLA VIRKA DAGA
NÝR MATSETÐILL KYNNTUR Í JÚNÍ

SJÁUMST Í SUMAR

JÁRNKARLINN SEM EKKI NÝTIST Í GIRÐINGAVINNU

Flestir sem hafa lagt stund á girðingar- og jarðvegsvinnu kannast við járnkarlana sem álkarlar hafa mikið til leyst af hólmi undanfarna áratugi. En járnkarlar eru til af öðrum toga en þessi hefðbundnu jarðvinnsluverkfæri og lang þekktasta þríþrautarkeppni í heiminum í dag gengur undir þessu nafni.

Þríþraut er íþrótt þar sem keppt er í sundi, hjólræiðum og hlaupi tiltekna vegalengd án hlés og telst tíminn sem fer í skiptingar milli greinanna með heildartímanum. Fyrsta Ólympíukeppnin í þríþraut fór fram árið 2000. Staðlaðar vegalengdir í þríþraut eru 1500 m. sund, 40 km hjólræiðar og 10 km hlaup en langþríþrautarkeppnin Járnkarlinn sem hófst á Hawai árið 1977 felur í sér 3,9 km sund, 180 km hjólræiðar og maraþonhlaup (42,195 km). Hafliði Sævarsson tók þátt í einum slíkum á síðasta ári og hér deilir hann reynslu sinni af með lesendum Bóndavörðunnar.

Járnkarl Hafliða Sævarssonar 18. ágúst 2019

Aðdragandi

Gamalt plan var að klára fyrsta járnkarlinn þegar ég yrði fimmtugur. Hugmyndin kviknaði þegar Magnús mágur minn sagði fyrir mörgum árum í einni smalaferðinni, eftir að hafa fengið kílómetratölur daganna á undan, að ég gæti farið í járnkarlinn. „Hvað er það?“ spurði ég og hann útskýrði málið. Þetta hljómaði sem alvöru áskorun.

Frá 2011-16 var ég búinn að fara tvisvar hálfa ólympíska þríþraut og tvisvar í ólympíska þríþraut og í öll skiptin með algjörum lágmarks undirbúningi. Svo átti að fara að æfa í alvöru, en þá var hvorki líkaminn né sálin tilbúin. Bólur hér og þar um líkamann sem virtust líka setjast á sálina. Þannig að ég gafst fljótt upp, ekki með neitt æfingaplan og engar skilgreindar leiðir að markmiðinu. Þannig leið heilt ár. Þá var önnur tengdadóttirin ólétt, henni leið ekki vel fyrstu vikur og mánuði vegna ógleði og annars sem stundum fylgir meðgöngu. Þá tókst mér að tengja við það, hún gat ekki hætt að vera ólétt í níu mánuði og sennilega væri það lágmarks undirbúningstími fyrir keppni. Þannig að ég ákvað að taka tvær „meðgöngur“ og kláraði hálfa járnkarl í Köln 2. september 2018 eftir þá fyrri og byrjaði þá næstu seint í nóvember sama haust eftir smalamennskur og rúning. Þeirri „meðgöngu“ lauk með heilum járnkarli í Kaupmannahöfn 18. ágúst 2019. Á þessum tíma þurfti ég allt of oft að leiða hugann að raunverulegri meðgöngu og tilkynna sjálfum mér að ég gæti ekki tekið mér frí frá henni þegar mér sýndist frekar en tengdadæturnar, eða aðrar konur sem standa frammi fyrir raunveruleikanum. Það vildi nefnilega svo skemmtilega til að önnur tengdadóttir mín átti barn 10. júlí þetta sama ár. Að hafa þær sem fyrirmyndir hjálpaði mikið.

Konur og þríþrautarkappar geta ef til vill farið í gegnum „meðgöngur“ án þjálfara en það er þó æskilegra að hafa stuðning í undirbúningnum og eftir að tveir fyrstu farandþjálfararnir sem ég fékk heltust úr lestinni vegna anna spurði ég Viðar Braga hjá Breiðablik hvort hann gæti bætt við hjá sér. Svarið kom fljótt; „Við reddum því!“ og þaðan í frá sá Viðar Bragi til þess með tengdadætrunum að ég kláraði meðgönguna.

Ferðin

Ég flaug til Köben á fimmtudagskvöldið 15. ágúst til að hafa tímann fyrir mér. Ég ætlaði að undirbúa hjólið á föstudegi, ná góðum svefni í tvær nætur og slökun á laugardegi. En það fór miklu meiri tími í undirbúning hjólsins heldur en ég reiknaði með svo þegar ég var búin að sækja keppnisgögn og dekk var engin frítími eftir.

Vegna fælmi við enskuna hafði ég ekki lesið keppnisreglur né skoðað brautina fyrr en ég fékk elsta soninn til mín frá Svíþjóð á laugardagskvöldi. Við vorum fram eftir kvöldi að fara í gegnum þetta þannig að næturhvíldin varð heldur stutt nóttina fyrir keppni rétt eins og dagana áður en lagt var af stað. Fyrir næsta járnkarl verður hjólið gert klárt heima.

Maturinn síðustu tvo dagana var hveitibrauð, pasta, smjör og gúrka. Ég lét ekki líða langt á milli máltíða því þetta fæði hringlar í blóðsykrinum. Síðasta kvöldmáltíðin tók langan tíma, það er ekki til síðs að leyfa þó það sé bara pasta í matinn. Ég var svo með hnút í maganum allt kvöldið, svaf frekar laust og áður en klukkan hringdi um morguninn fór ég fram til að drekka vatn, sem er alltaf mitt fyrsta verk. Mér varð strax flökurt af vatninu, ætlaði að fara inn aftur en þá kvartaði maginn svo að ég endaði á fjórum fótum á gólfinu til að ekki myndi líða yfir mig! Þetta leið hjá á nokkrum mínútum en matarlystin var engin. Ég fékk mér samt hálfa banana og meira vatn áður en við fórum út en þá var liðanin orðin þokkaleg. Meltingin hafði líklega stoppað eftir kvöldmatinn og fór svo í gang þarna um morguninn með látum.

Þegar ég sótti keppnisgögnin þurfti að velja lit á sundhettu, græn sundhetta þýddi að tímamarkmiðið væri 1 klst. og 17 mín. Af því sem var í boði var hún næst mínu markmiði sem var 01:15. Mér fannst frekja að taka bleika sem var næsti hópur á undan í ræsingunni. Það voru svo tveir litir í viðbót fyrir mjög vana.



Keppnin

Sundið 3,8 km

Þegar upphitun lauk gengum við í okkar dilka eins og væri verið að flokka fé í rétt og ég endaði í miðjum hóp af grænhettum í réttinni. Þegar sundið loksins hófst sá ég fljótt að þar var enginn sem myndi synda nálægt mínu markmiði en fann þó eina græna hettu langt inn í bleika hópnum og gat nýtt mér kjölsog af og til þegar stefnan var sæmleg. Ég var alltaf að vonast eftir einhverjum fram úr mér til að geta nýtt mér kjölsogið frá þeim.

Ég komst að því að þegar maður syndir við hliðina á fólki þá ósjálfrátt færir það sig undan. Ég lenti tvisvar í því að treysta fólki við svoleiðis aðstæður og bæði skiptin endaði ég út úr braut og þurfti í seinna skiptið að synda tugir metra þvert á leið.

Mér leið vel í sundinu allan tímann, fannst ég vera rétt hálfnaður þegar ég fór að sjá markið og bara nokkur hundruð metrar eftir.

Skipting

Það var örstutt að hjólapokanum og ég var bara kominn úr annarri erminni þegar ég kom þangað, dreif mig úr sundgallanum setti á mig hjálm, númerabelti, sokka og skó. Þetta tók þrjár og hálfa mínútu og svo tók við stutt skokk á hjólaskónum að hjólinu, síðan löng leið með hjólið út af skiptisvæðinu framhjá þúsundum hjóla.

Tími á skiptisvæði: 5 mín. og 57 sek.

Hjólið 180 km

Hjólið fór mjög rólega af stað, brautin var full af hjólum og ég með hugann við 12 metra bil á milli hjóla sem segir í reglunum. Ég sá mjög fljótt að ekki var hægt að halda þessu bili og fór að taka meira fram úr. Brautin var samt víða þröng og enginn framúrakstur í boði þar. Púlsinn fór nokkrum sinnum niður fyrir 120 sem var ekki á keppnisplani en eftir ca. 45 km fór að greiðast svolítið úr þessu. Ég fór að geta haldið jöfnum púls en sá að ég mætti bæta í „wöttin“ miðað við planið sem var 190w án þess að púlsinn færi of mikið upp, því fékk ég að auka gleðina með auknum hraða í seinni hring, en um leið og fór að koma þreyta í skrokkinn þá minnkaði ég örlítið álagið því það var jú víst eitt maraþon eftir. Ég hef bara einu sinni reynt að hlaupa maraþon fyrir 18 árum og þurfti þá að labba meira en 10 kílómetra. Ég hef samt nokkrum sinnum hlaupið vegalengdina utanvegar, Laugavegin, Fire and Ice og eitt fjallahlaup í Svíþjóð. Sjálfstraustið fyrir maraþonið á steypunni var því ekki alveg í toppi og hvað þá beint á eftir þessum skemmtilega hjólatúr sem er sá lengsti sem ég hef tekið á ævinni. Svo var þetta allt í einu búið, 179 km á tölvunni, kominn í miðbæinn og um leið og hjólið stoppaði á línunni þá var það tekið af starfsmanni. Og þrátt fyrir tæplega þúsund metra hækkun (Ég hélt að Danmörk væri flöt!) og mótvind síðustu þrjátíu kílómetrana var tíminn góður.

Tími í hjólréiðum: 5 klst., 39 mín. og 34 sek.

Skipting

Stutt var í hlaupapokann þar sem ég fór í hlaupaskóna og setti upp gleraugun. Á meðan gat ég slakað aðeins á en það hefði verið betra að vita hvar átti að fara út af skiptisvæðinu.

Tími á skiptisvæði: 4 mín. og 41 sek.

Marapónhlaup 42,2 km

Það voru aðeins einkennilegar hreyfingarnar í fyrstu skrefunum en það hvarf mjög fljótt. Ég þurfti svo að hægja á þegar leið á fyrsta kílómetrinum til að halda plani, sem var 5:50 mín. km., í fyrri helming hlaupsins og hafa púlsinn undir 150. Ég skipti leiðinni niður í þriggja kílómetra kafla sem er algengt bil á milli drykkjarstöðva, labba aldrei nema á drykkjarstöðvunum og byrja svo nýja hlaupalotu.

Hlaupa þurfti fjóra hringi og drykkjarstöðvarnar voru með óreglulegu millibili. Þannig að ég tók bara einn hring í einu drakk bæði vatn og orku á hverri drykkjarstöð en þegar rúmur 20 km voru búnir kom ég að drykkjarstöð þar sem einungis var hægt að fá CocaCola. Ég hafði farið fram hjá orkudrykkjarstöðinni. Mér hafði verið ráðlagty að drekka kók eftir fyrstu 30 km en í staðinn fyrir að snúa við þá skellti ég bara í mig kókinu. Tilfinningin var eins og þegar maður borðar hvítan sykur við vægu blóðsykurfalli. Það birti fyrir augunum og bjartsýnin óx. Eftir þetta drakk ég bara kók, heilt eða hálft glas eftir því hvað var langt í næstu drykkjarstöð.

Eftir fyrsta hringinn ákvað ég að hleypa púlsinum upp undir 150 og leið þá bara betur og fór að reikna en sá enga möguleika á að koma heildartímanum undir 11 klst. Þannig að ég setti stefnuna á að klára 40 kílómetra undir 4 tímum. Ég hélt snemma í þriðja hringnum, í mestu rigningunni, að ég þyrfti að hægja aðeins á en ég fann að ég hafði orku því mér varð ekki kalt þrátt fyrir úrkomu og vind. Það var staðfesting á því að orkan var til staðar og því var bara að halda sama hraða. Eftir tæpa þrjátíu kílómetra var mér farið að líða eins og alvöru hlaupara, alltaf að taka frammúr og bara fjör. Ég gerði mér þá grein fyrir þeirri staðreynd að í kringum mig var mikið af mjög þreyttum og hægfara hlaupurum. Markmiðið fyrir síðasta hring varð því að koma mér upp um 100 sæti. Ég veit ekki hvort það tókst en sennilega var ég nálægt því og þetta markmið hjálpaði við að halda hraðanum til enda.

Þarna prófaði ég að hlaupa með sólgleraugu í fyrsta skipti á ævinni. Þau reyndust vel til að byrja með en eftir að það hafði rignt í klukkutíma þá fór ég að gjóa augunum á aðra keppendur til að sjá hvort þeir væru kannski búnir að taka niður gleraugun. Ég þóttist sjá að það væru örugglega allir löngu búnir að því svo ég losaði mig við mín til stuðningsliðsins sem var Bjartmar Þorri sonur minn. Hann poppaði upp á hinum ýmsu stöðum á hliðarlínunni og það var því lík hvatning.

Áhorfendur stóðu sig líka vel í að hvetja keppendur, víða tónlist og klapp. Góð rokkmúsík virkar vel sem hvatning fyrir mig, en góð músík er orðin fáheyrð. Spurning hvort sú tilfinning tengist eitthvað aldri keppandans. Það var líka skemmtilegt augnablik í keppninni að rekast á (ekki bókstaflega) æfingafélagann Hrafnhildi innan um 2700 aðra hlaupara í fjórða hring á brautinni. Fyndnust var kona í einum stuðningshópnum á hjólaleiðinni sem hrópaði hvatningarorð í gjallarhorn til hvers einasta keppanda sem fór framhjá. Í seinni hringnum var hún orðin svo hás að hrópin voru orðin að ískri.

Tími í hlaupi: 4 klst., 10 mín. og 2 sek. Með pissustoppi og nokkrum sekúndum við drykkju. (Hreyfitími 5:50 mín á km að meðaltali)

Heildartími í Járnkarlínunum var þá ellefu klukkutímar og rúmar níu mínútur og langflottasta kommentið sem ég hef fengið eftir keppnina, kom svo frá Víðari Braga eftir að hann tilkynnti mér að seinni helmingur hlaupsins hefði verið hraðari en sá fyrri. Það var stutt og laggott „ROSALEGT!“

Haflíði Sævarsson



Hver er steindin ?

Svar síðustu þrautar

BAGGALÚTUR

Steindin hefur gengið undur ýmsum nöfnum svo sem hreðjastein og blóðstemmaustein. Baggalútur myndast í líparít eða flikrubergi þegar gas myndar holrými í rennandi hrauni. Þar vaxa svo feldspat og kvars sem mynda þennan harðgera stein sem veðrast út úr mýkra berginu sem umlykur hann.








Frá Íþróttamiðstöð Djúpavogs

Sumaropnunartími tekur við 1. júní



Virkir dagar: 07:00-20:30

Laugardagar: 11:00 - 15:00

Sunnudagar: Lokað

FRÁ DJÚPAVOGSKIRKJU

Framan af vetri gekk kirkjustarfið í kirkjunni okkar hér á Djúpavogi vel. Messur voru haldnar jafnt og þétt, jólin voru yndisleg og mætingin fin. Óhefðbundnar messur líkt og Neistamessa og tónlistarmessa voru fjölmennar og það messuform er örugglega komið til að vera.

Barna- og æskulýðsstarfið á þriðjudögum hefur verið vel sótt og mikið líf og fjör í kirkjunni okkar fallegu þegar börnin streyma að. Það er gaman að segja frá því að Þorablótsnefnd styrkti barnastarf kirkjunnar og það gerir okkur kleift að kaupa ný spil og annan kærkominn útbúnað fyrir starfið.

Tenging íþróttaskólans og sunnudagaskólans með samstarfi foreldrafélags Bjarkatúns, Ungmennafélagsins Neista og Djúpavogskirkju gekk einnig mjög vel og vonandi verður framhald þar á næsta vetur.

Í kirkjunni eins og annarstaðar voru undarlegir tímar þegar faraldurinn herjaði á okkur. Allt hefðbundið starf kirkjunnar þurfti að stöðva og hugsa nýjar leiðir til að koma hinum fallega boðskap til fólksins. Kirkjurnar í Austfjarðaprestakalli störfuðu talsvert saman í því að streyma helgistundum eða birta upptökur á síðum kirknanna. Kirkjan er fólkið og það sannaðist rækilega þessa erfiðu mánuði þegar við gátum ekki hist eins og við erum vön. Kór Djúpavogskirkju tók þátt í því að taka upp sálmasöng og setja á netið, þannig hittust litlir hópar eða einstaklingar í kirkjunni og sungu bæði til að taka upp en einnig í beinum útsendingum. Kristján Ingimarsson, sem er okkur ómetanlegur, sá um undirleik og spilaði og söng við helgistundir. Það er dásamlegt að finna hve miklu máli kirkjan skiptir fyrir fólkið okkar, allir sem ég hafði samband við voru tilbúnir að koma og lesa, syngja, hringja klukkum o.s.frv. Náungakærleikurinn skín skært og áhorfið á netinu fór fram úr björtustu vonum, suma viðburði horfðu nokkur þúsund manns á.

Það var ánægjulegt að geta streymt lestri Passíusálmana og bænastundum enda er fólk þakklát fyrir slíka viðburði á erfiðum tímum. Það að finna að samferðafólk og kirkjan hugsi til manns tel ég vera mikils virði.

Fermingum sem áttu að fara fram um páska og hvítasunnun var frestað. Fermt verður á Hofi í Álftafirði í lok júní, flest börnin fermast svo þann 5. september en einnig frestuðu tvö fermingarbörn sinni fermingu fram á næsta vor og fermast þá með systkinum sínum.

Nú þegar höftum hefur verið aflétt getur hefðbundið kirkjustarf loks hafist hægt og rólega að nýju. Það verður gott að geta hitt fólk aftur í stað þess að ræða saman í síma. Þannig var hægt að ljúka fermingarfræðslunni og barna- og æskulýðsstarfi í maímánuði. Messað verður um hvítasunnuna í skógræktinni þar sem hvatt verður til þess að ganga eða hjóla í Hálsaskóg. Jafnframt verður útímessu á sjómannadaginn við Faktorshúsið. Eru það mikil gleðitíðindi enda verður að viðurkennast að messuhald á netinu er hálf einmanlegt en gerir vissulega sitt gagn. Það er líklegt að þessi tími og möguleikarnir sem streymi á netinu felur í sér opni fyrir nýjar boðunarleiðir. T.d. væri hægt að streyma skírn þegar langt er á milli aðstandenda en þannig getur fjölskyldan sameinast og fylgst með þó vissulega sé það með öðrum hætti. Þetta hefur verið erfiður en jafnframt lærdómsríkur tími en nú sameinumst við í bæn um að hjólin fari að snúast og þeir sem eigi um sárt að binda vegna t.d. atvinnuleysis og tekjutaps sjái fram á bjartari tíma. Það er gríðarlega mikilvægt að við sýnum áfram samhug og hjálpumst að við að koma okkur á réttan kjöl aftur.

Okkur í kirkjunni barst áskorun um að koma tónlist á netið og þá sérstaklega hugsað fyrir eldra fólk sem hefur mikið þurft að vera í einangrun. Kór Djúpavogskirkju og Tónleikafélag Djúpavogs er þessa dagana að taka upp efni sem verður birt á netinu.

Hagnýtar upplýsingar um Djúpavogskirkju:

Djúpavogskirkja á Facebook: https://www.facebook.com/Dj%C3%BApavogskirkja-114596943331357/?modal=admin_todo_tour

Djúpavogskirkja á Youtube: https://www.youtube.com/channel/UCP8DrPVnTZhdnoR_QccnmQ

Austfjarðaprestakall á Facebook: <https://www.facebook.com/austfjardaprestakall/?ref=bookmarks>

Unnið er að því að búa til heimasíðu fyrir kirkjur á Austurlandi, en hana verður að finna undir hlekknum: <https://www.austurkirkjan.is/>

Fyrir utan upplýsingar á netinu eru messur auglýstar á nokkrum stöðum á Djúpavogi og í sumum tilfellum er auglýsingum dreift með póstinum.

Ykkur er velkomið að hafa samband í síma eða með tölvupósti við prestinn ykkar. Í vetur hef ég verið með fasta viðtalstíma á mánudögum milli kl.10-12, þessi tími gæti breyst í sumar og verða viðtalstímar sérstaklega auglýstir, en kirkjan er alltaf opin og það má hafa samband og finna tíma eftir hentugleika.

„Því að þín vegna býður hann út englum sínum til þess að gæta þín á öllum vegum þínum.“

Hugsið vel um hvert annað og hafið það gott í sumar kæru vinir, sjáumst hress í kirkjunni.

Mig og fjölskyldu mína langar að lokum að koma á framfæri þakklæti fyrir hlýjar móttökur á Djúpavogi, Kær kveðja, sr. Alfred. Netfang: alfred.orn.finnsson@kirkjan.is s. 891-6138

SPURNING DAGSINS

Á árunum 1951 til 1953 flyktust íbúar Búlandshrepps og nágrennis á kvikmyndasýningar Ungmennafélagsins Neista, í Neista. Á því tímabil voru sýndar milli 50 og 55 kvikmyndir og fólk naut til að mynda stórleiks þeirra Paulette Goddard, John Lunds og Macdonalds Carey í Hefnd brúðarinnar (e. *Bride Of Vengeance*) frá 1949. Aðrir áhugaverðir titlar voru t.d. Kjarnorkumaðurinn I og II og Wisky flóð. Skyldu einhverjir muna eftir þessum myndum í dag?

Einu kvikmyndasýningarnar sem hefur verið boðið upp á hér undanfarin ár eru barnabíóin sem Rán hefur staðið fyrir stöku sinnum og hryllingsmyndirnar í hlöðunni á Teigarhorni á dögum myrkurs. Að öðru leiti njóta menn þessa listforms á sjónvarpsstöðvum og Netflix og kvikmyndatitlar eru ekki lengur þýddir yfir á íslensku, nema RÚV sem enn reynir að standa vörð um þessa áhugaverðu hefð.

Okkur lék hugur á að vita hvaða bíómynd lesendur Bóndavörðunnar sáu síðast og á hvaða miðli hún var sýnd svo við lögðum spurningu fyrir óvísindalega valið slembiúrtak.

Hvaða kvikmynd sástu síðast og á hvaða miðli var hún sýnd?



Hallur Hauksson

Síðasta mynd sem ég sá var *Shawshank Redemption*

Hún segir sögu manns sem er ranglega dæmdur fyrir morð og hvernig hann nýtir tímann í afplánun til að bæta mannlífið í fangelsinu. Þetta er klassísk mynd um erfið örlög en líka von og mannlega reisn. Ég horfði á þessa mynd á DVD og geri það að lágmarki tvisvar á ári.



Katla Rún Magnúsdóttir

Mama Mía á Netflix. Það er mynd í miklu uppáhaldi og ég horfi á hana alla vega einu sinni á ári.



Ágúst Guðjónsson

Kvikmynd? Það man ég ekki! Jú annars ég sá *Mín eigin jarðaför* um daginn. Að vísu er það ekki bíómynd heldur þáttaröð á Sjónvarpi Símans, en hún er góð.



Margrét Vilborg Steinsdóttir

Síðasta bíómynd? Ætli það hafi ekki verið þegar við mæðgur horfðum á *Strumpana*, *The Smurfs*, leiknu útgáfuna á einhverri barnarásinni í sjónvarpinu. Mjög skemmtileg mynd. Nei, ég held að við eigum ekki eftir að horfa saman á hana á hverju ári. Ekki í mörg ár alla vega.



Sorphirða 2020

Djúpavogshreppur

janúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

febrúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29

mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

apríl						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

maí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

júlí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

ágúst						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ



Brún tunna (lífrænt)
Grá tunna þéttbýli
Grá tunna dreifbýli
Græn tunna þéttbýli
Græn tunna dreifbýli

FIMM Á FLAKKI

Haustið 2018 fórum við félagarnir að tala um möguleikann á því að fara í heimsreisu eftir útskrift úr menntaskóla. Eftir að hafa kynnt okkur málið hjá Kilroy ferðaskrifstofu ákváðum við að undirbúa þriggja mánaða heimsreisu, frá september til desember 2019. Við veltumst fram og tilbaka með það hvert okkur langaði að fara og vorum með ýmsar útgáfur en að endingu ákváðum við að fara til Asíu og Ástralíu. Við vorum fimm saman, Djúpavogsbúarnir Jens, Bergsveinn Ás og Kristófer Dan og Fáskrúðsfirðingarnir Jón Bragi og Ásgeir Páll.

Ferðaplanið var svona: Brottför frá Keflavík 24. september – London – Dubai (4 dagar) – Sri Lanka (9 dagar) – Thailand (33 dagar) – Kuala Lumpur – Borneo/Malasíuhlutanum (7 dagar) – Kuala Lumpur (4 dagar) – Singapur (4 dagar) – Balí (10 dagar) – Brisbane (15 dagar) – Sidney – Dubai – London – Keflavík. Heimkoma 21. desember. Samtals tæplega 90 dagar.

Segja má að ferðalagið hafi verið mjög fjölbreytt og viðburðaríkt. Við sáum allt milli himins og jarðar, eyðimerkur, regnskóga, strendur, gresjur og allt þar á milli. Við heimsóttum stórborgir þar sem velmegun réð ríkjum og stórborgir þar sem fátæktin var greinileg. Við vorum í innstu frumskógum þar sem langt var í næstu byggðir, sigldum út í eyjar, köfuðum, klifruðum, æfðum okkur á brimbrettum, elduðum thailenskan, malasískan, sri lanskann mat undir leiðsögn. Keyrðum suður eftir austurströnd Ástralíu þar sem við sáum ummerki um skógareldana.



Erfitt er að segja hvað var skemmtilegast eða eftirminnilegast. Stutta svarið er „allt“. Við erum þó sammála um brimbrettanámskeiðið, köfunarskólinn, fílaferðin, dvölin á Borneó og að upplifa stórborgirnar séu ofarlega á blaði.

Brimbrettanámskeiðið fór fram á Balí. Við vorum í viku í brimbrettabúðum með ca. 20 öðrum Evrópubúum, flestum frá Norðurlöndunum. Fyrsta æfingin fór þannig fram að okkar eina markmið var að reyna að standa á brettunum og náðu allir að gera það eftir fyrstu æfinguna. Næstu daga bættum við okkur smám saman og vorum farnir að geta náð öldunum sjálfir og beygt til hægri og vinstri. Þetta var algjörlega frábært og erum við spenntir að komast aftur á bretti.

Köfunarnámskeiðið var á eyjunni Koh Phi Phi við suður Tailand. Þar dvöldum við í fjóra daga. Við byrjuðum á því að taka bóklegt námskeið og eftir hádegi á öðrum degi byrjuðum við á því að æfa okkur í tveggja metra djúpum sjó, gerðum ýmsar æfingar þar. Þar var áherslan lögð á helstu öryggisatriðin þannig að við værum undirbúnir til að fara á meira dýpi. Fyrir hádegi á þriðja degi héldum við æfingunum áfram og köfuðum tvisvar seinni partinn og var það mjög skemmtilegt. Við sáum alls konar fiska, kóralla og skrýtnar sjávarverur. Seinasta daginn köfuðum við tvisvar eins og daginn áður og fórum niður á 18 m dýpi. Aftur sáum við skemmtilega furðufiska eins og daginn áður. Í lok námskeiðs fengum við „Open Water Padi“ réttindi, sem leyfa köfun niður á 18 m dýpi.


Fílaferðin var dagsferð í Chiang Mai í Norður Thailandi. Þar fengum við að ganga með filunum niður að á, þar sem við böðuðum þá. Það var ótrúlega skrýtið og skemmtilegt að taka þátt í því. Fílarnir voru einstaklega ljúfir og það var magnað að standa við hliðina á þessum risastóru skepnum.

Upplifunin á Borneó var einstök. Þar gistum við í pínulitlu þorpi við hæsta fjall SA Asíu – Mount Kinabalu. Við fórum í „River Safari“, göngu í frumskóginum, fórum í órangútaskot, skoðuðum kragabirni, nefapa, krókódila og alls konar furðudýr og sigldum út í pínulitla eyju þar sem er skjaldbökuathvarf. Þeir sem starfa í athvarfinu taka skjaldbökuveggin og passa uppá það að skjaldbökuungarnir komist heilir á húfi út í sjó um leið og þeir klekjast út. Við fengum að taka þátt í því og það var stórkostlegt að vera þarna í myrkrinu á ströndinni og horfa á eftir þeim út í frelsið. Við máttum ekki vera með flass á símunum okkar, til að trufla ekki ungana við að rata rétta leið.

Helstu borgirnar sem við heimsóttum voru Dubai, Abu Dhabi, Bangkok, Kuala Lumpur, Singapur, Colombo og síðan Brisbane og Sydney. Hver af þessum borgum hafði sinn sjarma en þær voru mjög ólíkar. Í Dubai skoðuðum við hæstu byggingu í heimi, Burj Khalifa en hún er 830 m há. Í Abu Dhabi skoðuðum við Sheikh Zayed moskuna en hún þykir mjög glæsileg.

Þegar við vorum í Bangkok heimsóttum við m.a. stærstu verslunargötuna á Khaosan Road og þar var aldeilis þröng á þingi. Þar voru okkur boðnir til átu grillaðir sporðdrekar, liffur og heill krókóðill á teini, en hægt var að kaupa kjötbíta af honum. Kuala Lumpur og Singapúr eru mjög flottar borgir. Fyrsta menningarsjokkið var klárlega í Sri Lanka. Um leið og við gengum út úr flugstöðinni áttuðum við okkur á því að við værum komnir langt frá vestrænni menningu. Lögreglumennirnir héldu á hriðskotarífflum og þegar við keyrðum til Colombo, höfuðborgarinnar sáuðum við að lítið var verið að fara eftir umferðarreglum. Við fórum á hótelið okkar og um kvöldið gengum við um götur borgarinnar til að finna hraðbanka og mat og þá fengum við fyrst alvöru menningarsjokk. Andrúmsloftið var yfirþyrmandi, það var rosalega mikill hávaði í öllum Tuk-Tuk bílunum (litlir leigubílar á þremur hjólum) og rútunum sem notuðu flauturnar stanslaust. Alls konar ilmur og lykt bárust úr öllum skúmaskotum. Mjög margir voru berfættir og var ljóst að fátæktin var gríðarleg. Eftir að hafa dvalið þarna í nokkra daga fórum við út fyrir borgina og þá var miklu meiri ró og friður, minna af fólki og rólegra andrúmsloft. Sri Lanka var magnað land með ótrúlega fjölbreytta og áhugaverða menningu, gullfallega náttúru og stendur uppúr sem einn af hápunktum ferðarinnar.

Í Kuala Lumpur skoðuðum við „tvíburaturna“ sem kallast Petronas Towers og eru þeir mjög áberandi í borginni. Í Singapúr heimsóttum við m.a. plöntuhvelfingu og sem við gengum þar um í rólegheitunum rákumst við á uppstillingu, endurgerð af Hallgrímskirkju og fyrir framan hana mátti sjá sekki sem á stóð, hveiti, sykur og eitthvað fleira. Þar voru líka margir flottir bílar og margt annað skemmtilegt. Það vakti sérstaklega athygli hvað þessar borgir voru einstaklega hreinar og snyrtilegar, rusl var hvergi sjáanlegt og allar byggingar með eindæmum snyrtilegar en Singapúr bar af í þessum efnum.



Einnig var áhugavert að skoða sig um á hinum fjölmörgu grænu svæðum sem Singapúr hafði upp á að bjóða og greinilegt að mikið er lagt upp úr því að vega upp á móti iðnaðarsamfélagi stórborgarinnar með gróðri.

Í Ástralíu leigðum við okkur tvo húsbíla og tókum tæpar tvær vikur í að keyra suður austurströndina, frá Brisbane til Sydney. Við gistum á tjaldstæðum, fórum á fótboltaleik hjá Newcastle Jets, fórum í dýragarð þar sem við héldum á Kóala birni og þeir hugrökkustu héldu á slöngu. Við urðum lítið varir við skógareldana, sáuðum þó ummerkin og fundum lykt af reyknum.

Í heildina tókst ferðalagið með eindæmum vel. Einhverjir fengu smá magakveisu, aðrir sváfu aldrei í flugvélunum og einhverjir voru bitnir í drasl af einhverri óværu. En minningarnar og upplifanirnar voru frábærar og við hlökkum til að leggja aftur land undir fót.

Jens, Bergsveinn Ás og Kristófer Dan

STEFNUM AÐ FÍNU FORMI FRÁ FYRSTA DEGI

Systurnar sem undirbúa opnun í Löngubúð

„Fengum loksins Löngubúð! Bergþóra og Jóhanna.“

Það var hlegið dætt á þorablóttinu þegar auglýsingin var lesin. Bergþóra lætur ekki uppi hvort hún hló líka. Í tilraun númer tvö náðu þær systur, Bergþóra og Jóhanna Birgisdætur, samningum um reksturinn á Löngubúð og hyggja á opnun við fyrstu hentugleika í júní.

„Þetta var nú ekkert „loksins“ af minni hálfu,“ segir Jóhanna. Og bætir við: „Var vissulega ég sem átti hugmyndina í fyrra skiptið. Enda alltaf langað til að skjóta rótum á Djúpvogi. En þegar það gekk ekki, ákvað ég bara að gleyma þessu. Bergþóra vildi endilega prófa aftur þegar tækifærið bauðst. Og þá gat ég ekki hlaupist undan merkjum. Svo hér erum við og það verður frábært að fá að taka til hendinni í þessu dásamlega húsi!“

„Fyrirtækið heitir Frú Stefanía ehf. Í höfuðið á mömmu,“ segir Bergþóra. „Hún átti það til að setja upp svolítið sérstakan svip, blessunin. Sem varð til þess að við kölluðum hana stundum Frú Stefaníu, okkar á milli. Hún kom úr Breiðdalnum, flutti ung suður og dreymdi alltaf um að „koma austur aftur“. Svo nú er hún mætt – í anda að minnsta kosti.“

Til stóð að opna um páskana. „En svo kom bölvadur vírusinn og allt sem honum hefur fylgt. Nú er ákveðið að opna 17. júní – eftir lögbundna 2ja vikna sóttkví. Vonandi slepp ég við hana og þá opnum við eitthvað fyrr,“ segir Jóhanna, sem kemur með Norrænu í lok maí. Það verður farið rólega af stað en væntanlega opið alla daga fram á haust. „Við verðum, eins og aðrir, að laga okkur að aðstæðum svo þetta sumar verður sennilega harla frábrugðið því sem við höfðum ráðgert. En við gerum okkar besta í stöðunni.“

Og hvaða áherslur verða svo í rekstrinum. Má vænta einhverra nýjunga?


„Auðvitað eru alltaf nýjungar með nýju fólki og það er enginn hörgull á hugmyndum. En það verða engar stórvægilegar breytingar. Alla vega ekki í bráð, enda hefur þetta gengið ljómandi vel fram að þessu. Það verður áfram boðið upp á gómsætar kókur, girnilegt brauðmeti og sitthvað matarkyns. Helstu áherslurnar eru að sem mest sé bakað og búið til á staðnum – frá grunni, eins og kostur er. Hráefnið má gjarnan koma úr lífrænni ræktun og/eða vistvænni framleiðslu. Og vitanlega ætlum við að nýta sem mest af því hráefni sem fáanlegt er í fjórðungnum. Annað væri undarlegt í Cittaslow samfélagi,“ segir Bergþóra.

„Svo ætlum við bara að vera ljúfar og glaðar, í finu formi frá fyrsta degi, að búa til alls konar góðgæti og njóta þess að taka á móti gestum með bros á vör – hvort heldur það eru heimamenn eða lengra að komnir.“

Bergþóru þekkja vitanlega allir á Djúpvogi, enda hefur hún verið búsett hér eða viðloðandi staðinn frá unglingsaldri. Og hefur meira að segja unnið í Löngubúð! Svo hún þekkir vel til hússins. Jóhanna hefur hins vegar búið í Svíþjóð í 20 ár – og skilur bæði mann og hund eftir heima. Þar hefur hún m.a. unnið sem kokkur og verið með veisluþjónustu, ásamt öðru. Það verða því viðbrigði að vinna hlið við hlið, dag út og dag inn, í stað þess að hittast bara í fríum heima og heiman. Er engin hætt á að það slettist upp á vinskapið?

„Ha, ha... Varla úr þessu,“ segir Jóhanna. „Við erum vissulega ólíkar um margt og höfum ólíka reynslu að baki. En það getur líka verið jákvætt. Ég er auðvitað aðkomukerling og sé kannski hlutina í öðru ljósi. Auk þess er ég orðin svolítið sænsk – og vil gjarnan skipuleggja. Bergþóra er hins vegar rólegri í tíðinni og þekkir hvernig þetta hefur gengið fyrir sig. Við ræðum það bara og finnum niðurstöðu sem báðar geta verið sáttar við. Hljómar það ekki vel?“

Jú, það finnst okkur. Og þá er bara eftir að óska þeim systur góðs gengis á nýjum/gömlum vettvangi.



UM EYJAR & SANDA



Fyrsta ferð Ferðafélags Djúpavogs 2020

Þann 9. maí s.l. var farið í fyrstu ferð Ferðafélags Djúpavogs á þessu ári og var förinni heitið út í Hrómundarey. Samkvæmt áður auglýstri dagskrá hefði fyrsta ferð átt að vera Hammondhelgina en vegna samkomubanns var sú ferð felld niður. Þátttakan í ferðinni var góð en 21 mætti og var farið á 6 bílum í blíðskaparveðri, björtu og svölu.

Fyrst var stoppað við flakið af Helnesi sem liggur á sandrifinu. Það var vorið 1881 sem danska skipið Helnes strandaði við Þvottáreyjar. Skipið kom beint úr hafi og skipverjar höfðu hreppt miklar þokur og héldu að þeir væru komnir fyrir Langanes. Einn skipverji fórst. Menn sóttu göss í skipið og uppboð var haldið á munum úr skipinu og var talað um að mikið happ hafi verið af þessu strandi. Tveir menn reru frá Geithellum og bundu bát sinn í grennd og gengu að skipinu. Síðan flæddi og þeir ruku af stað til að bjarga bátnum en ekki vildi betur til en að þeir drukknuðu báðir. Mennirnir hétu Erlendur sem var um þrítugt og Jón Antoníusson 17 ára. Enn þann dag í dag eru munir til á bæjum í Álftafirði og víðar sem eru úr Helnes og þrátt fyrir að hafa legið í sandinum í næstum 140 ár sést enn ótrúlega mikið af flakinu.

Næst var haldið út í sjálfa Hrómundarey þaðan sem útsýni til Álftafjarðar, Hamarsfjarðar, Búlandsness og Papeyjar er gott. Hrafnslapurur með fimm eggjum fannst í klettum á eyinni stutt frá rústunum af vitanum sem var í eyinni á fyrri hluta síðustu aldar. Hann var reistur árið 1922 eins og vitarnir á Karlsstöðum, Æðarsteini og í Papey. Vitabyggingin var 3 m há, timburklædd jærngrind með ljóskeri, úr brúarsmiðju ríkisins.

Næst var gengið að haug Hrómundar en hann er á hæsta punkti eyjarinnar. Um Hrómund og bræður hans hefur eftirfarandi saga verið skráð: „Úlfur Eskill og Hrómundur, hétu bærður þrír, er uppi voru á landnáms eða söguöld. Þeir völdu sér bústað í eyjum úti fyrir Hamarsfirði og Álftafirði eystra, og eru eyjarnar síðan við þá kenndar. Sagt er, að þeir séu heygðir hver í sinni ey og til skamms tíma hafa menn þóst vita, hvar haugar þeirra væru. Sagan segir að þeir skyldu hauglagðir í fylgjandi stöðum, hvaðan hver mætti sjá til annars: Úlfur í Úlfsey, Eskill í Eskilsey og Hrómundur í Hrómundarey - Rústir af þessum gröfum eru lítt sjáanlegar, enn allir þrír staðir sjást glöggst hver frá öðrum.“

Eftir að ferðalangarnir höfðu gætt sér á nesti í sólskininu var pallurinn á „Hiluxinum“ hans Didda fylltur af rusli, aðallega plasti en það er jú góður siður að huga vel að umhverfinu og ganga vel um þegar ferðast er.

Á bakaleiðinni var komið við í Óseyjum þar sem hægt er að skoða skemmtilegar klettamyndanir sem hafa veðrast í brimi og sandroki. Þá var haldið í Styrnishöfn og minjar um útræði þaðan skoðaðar en Álftfirðingar gerðu báta sína út þaðan. Góð fiskimið eru þar skammt undan en lending í höfninni var erfið og oft kom það fyrir að ekki var hægt að lenda í Styrnishöfn. Þá þurfti að róa um 8 klst til að komast í land, annað hvort suður í Hvalneskrók eða austur á Búlandsnes. Það hefur eflaust ekki verið þeim sjómönnum sem það þurfti að gera, neitt sérstakt fagnaðarefni að þurfa að róa í átta tíma til viðbótar, blautir, kaldir og þreyttir í leiðindaveðri.

Síðasta stopp var við Malvíkurhöfða en þar kannaði klerkurinn m.a. aðstæður til messuhalds og fannst annar hrafnslapurur þar, að þessu sinni með þremur ungum og þremur óutunguðum eggjum.

Dagurinn var hinn ánægjulegasti í alla staði og við erum farin að hlakka til næstu ferðar sem er áætluð þann 13. júní en þá verður farið í dagsferð suður í Lón.

FRÁ AFMÆLISNEFND NEISTA



Sigurlið Djúpavogsdeildarinnar 2019 - Hnaukabúið

Þar sem myndir, myndbönd, gamlir búningar, verðlaunagripir og ýmislegt fleira var til sýnis. Samkeppni hafði verið haldin um nafn á gamla golfskálann sem var búið að koma fyrir við íþróttasvæðið og á afmælishátíðinni var tilkynnt að dómnefndin hefði valið nafnið Neisti. Nefndin hafði látið framleiða sérstaka afmælisboli af þessu tilefni og voru þeir frumsýndur á afmælisdaginn og settir í sölu. Auk þess voru seld handklæði, sundpokar og brúsar. Þá var saga Neista tekin saman og hefur hún nú verið birt hér í Bóndavörðunni.

Í tilefni afmælisins var sótt um ýmsa styrki og fékk Neisti nokkuð af aukastyrkjum á 100 ára afmælisárinu.

Í mars var Sigurður Ragnar Eyjólfsson fyrrverandi þjálfari knattspyrnulandsliðs kvenna fenginn til þess að halda fyrirlestur fyrir alla aldurhópa á Hótel Framtíð. Síðan var boðið upp á sjósund í tengslum við Hammondhátíðina í apríl og nokkrir vaskir garpar létu kulda ekki stöðva sig í að fá sér sundsprett.

Sumarið var svo heldur betur líflegt en þá fór Djúpavogsdeildin á fullt og stóð mótið yfir fram í ágúst. Mikil stemming skapaðist í kringum mótið, bæði meðal keppenda og áhorfenda og að lokum var það Hnaukabúið sem fór með sigur af hólmi eftir spennandi keppni. Er það von afmælisnefndar að UMF Neisti haldi áfram með deildina í sumar en keppnin setti óneitanlega svip á bæjarbraginn.

Afmælisnefndin kom því líka til leiðar að verkefnið „Komdu í fótbolta“ sem KSÍ stóð fyrir hafði viðkomu á Djúpavogi 29. júlí. Um 20 krakkar mættu á æfingu hjá Siguróla Kristjánssyni.

Á dögum myrkurs sá nefndin um Faðirvorahlaupið og tók þátt í að skipuleggja slökunarsund og ljósasund auk þess sem boðið var upp á ungbarnasund í nóvember. Hið árlega gamlárshlaup var einnig í höndum afmælisnefndar og var þátttaka með besta móti.



Sigurður Ragnar Eyjólfsson með fyrirlestur á Hótel Framtíð í mars 2019



Bræður í afmælistreyju Neista; Stefán og Reynir Arnórssonir

Í janúar á þessu ári var skautadagur fjölskyldunnar þar sem fjöldi fólks mætti og skautaði inn í sólarlagið undir dúndrandi tónlist og með heitt súkkulaði „á kantinum“ til að ylja sér.

Síðasti viðburðurinn sem nefndin stóð fyrir var karatekynning í Íþróttamiðstöðinni þann 22. febrúar þegar Einar Hagen, sem er með svarta beltið í Karate, kom og tók börn og fullorðna í kennslustund.

Margar fleiri hugmyndir að viðburðum voru ræddar í nefndinni en af ýmsum ástæðum var ekki hægt að framkvæma þær, en ljóst er að margir möguleikar eru fyrir hendi til að lifga upp á tilveruna.

Síðan var ungmennafélagið með sína hefðbundnu starfsemi á árinu og vonandi náðu sem flestir að njóta þess sem var í boði. Það hefur verið ánægjulegt að taka þátt í að skipuleggja viðburði í tilefni af afmælisári Neista og gaman væri ef eitthverjir þeirra yrðu að reglulegum viðburðum hjá félaginu. Afmælisnefndin þakkar fyrir sig. Áfram Neisti.

Fyrir hönd afmælisnefndar,
Kristján Ingimarsson



Þátttakendur í Gamlárshalupinu 2019



Einar Hagen kynnti karate fyrir börnum og fullorðnum

- Glæsilegt bakkelsi
- Girnilegt smurt brauð
- Ljúffengar heitar samlokur
- Salatsskálur m/alls konar
- Dásamlegar súpur
- Lífrænt ræktað kaffi og te
- Úrval annarra drykkja

Sunnudagskaffi Frú Stefáníu

Kaffihlaðborð alla sunnudaga kl. 14-17



Við opnum 17. júní!

VELKOMIN Í LÖNGUBÚÐ

Við tökum vel á móti þér

OPIÐ ALLA DAGA KL. 10-18
(TIL KL. 23 FÖSTUDAG OG LAUGARDAG)

sími: 899-0177 / 849-3439 - langabud@djupivogur.is

VEÐRUÐ AF GÓÐU FÓLKI

Kæru vinir. Nú þegar ég hef lokið minni 30 ára þjónustu sem sóknarprestur á Djúpavogi, þá er margt sem leitar á hugann og margs að minnast. Það er kærkomið tækifæri að deila með ykkur fáeinum góðum minningarbrotum.

Ég var sett inn í embætti þ. 1. febr. árið 1990 í gömlu Djúpavogskirkju, minnstæð stund og fjölmenni við athöfnina og kaffiveitingar á hótél Framtíð á eftir. Það var vel tekið á móti mér af sóknarnefndum, kirkjukór og almennt af fólkinu í söfnuðum prestakallsins. Þegar nýr prestur kemur í prestakall, þá er það svo dýrmætt að finna hlýhug fólks og það fann ég svo sannarlega og er alltaf þakklát fyrir. Öll mín ár sem sóknarprestur, hef ég fengið að njóta þess að vinna með svo mörgu einstaklega góðu, vinsamlegu og hjálpfúsu fólki. Og nánast án undantekninga, hef ég fundið svo mikinn hlýhug og velvilja gagnvart kirkjunni og öllu starfi hennar. Það er mín reynsla að fólki þykir vænt um kirkjuna sína og er boðið og búið að leggja sitt að mörkum svo allt fari þar vel fram. Það er mikil gæfa að starfa í þannig umhverfi, þegar allir leggja sig fram um að gera sitt besta. Þannig er t.d. með kirkjukórinn, þar hefur margt kórfólk verið með í kórstarfinu alveg frá því ég kom til starfa og lengur og verið mjög áhugasamt og lagt mikið á sig til að gera sitt besta. Sumir aka jafnvel allt upp í 100 km til að mæta á vikulegar kóræfingar.

Við höfum líka verið svo lánsöm að hafa löngum haft góða organista og kórstjóra á Djúpavogi og það er ánægjulegt að oft hef ég heyrt aðkomufólk sem hér hefur verið við athafnir hrósa kirkjukórnum fyrir fallegan og vel æfðan kórsöng. Kórfólkið sem vinnur óeigingjart starf í þágu samfélagsins af einskærum áhuga. Það er gaman að vinna með slíku fólki. Og það er hlutverk sóknarnefndanna að sjá um og viðhalda kirkjuhúsi og í öllum kirkjunum hefur það verið vel gert, en mest hvílir auðvitað á sóknarnefndinni í Djúpavogskirkju, þar sem mesta starfið fer fram. Samstarfið við sóknarnefndirnar hefur verið afar gott og vináttan mikil og góð, sem ég er þakklát fyrir.

Ég minnst aðventuhátíðanna sem ég hef staðið að frá upphafi þjónustu minnar. Helgileikir barna, upplestur og aðventu- og jólalög og sálmar sungnir af börnum og kirkjukór. Allt hefur þetta krafist mikils undirbúnings og fjölda „aukaæfinga“ en alltaf sama tilhlökkunin. Fyrstu árin mín, áður en nýja kirkjan kom, voru aðventuhátíðirnar þrjár, í Hofskirkju, í Beruneskirkju eða í Hamraborg og svo auðvitað á Djúpavogi. Það hafa alltaf margir tekið þátt í aðventuhátíðinni og samstarfið gott við grunnskóla og tónskóla þegar æfa átti helgileiki og söng barnanna. Aðventuhátíðin er fallegur siður með þátttöku margra, ekki síst barnanna, sem jafnan mæta í sínu finasta þússi, hlakka mikið til og finnst það mikil upphefð að koma fram fyrir fólk og syngja eða leika í helgileik. Með þátttöku barnanna erum við að búa til fallegar minningar með þeim og rækta með þeim góðar hefðir í tengslum við jólin.

Eftir að Kirkjumiðstöð kom við Eiðavatn árið 1991 hef ég farið með væntanleg fermingarbörn hvers árs á námskeið þar og dvalið í 1-2 sólarhringa. Ég veit að sum fermingarbörn fyrri ára eiga skemmtilegar minningar um þá ferð, alltaf var þar mikið fjör, eins og gerist þegar um 40 unglingar koma saman og stundum töluverð vinna að koma ró á hópinn á næturnar og stundum lítið sofðið. Það er gaman að geta þess, að eftir að hafa verið svona lengi prestur á sama stað, þá hefur það gerst síðustu árin, að ég hef verið að fara með börn foreldra, sem sjálf fóru á fermingarbarnanámskeið í Kirkjumiðstöðina og voru í fyrstu fermingarhópnum mínum. Þannig líður nú tíminn og ferðirnar í Kirkjumiðstöðina halda áfram og alltaf tilhlökkun í fermingarbarnahópnum. Það er gott þegar fræðsla og skemmtun og vinátta fléttast saman og það gerist einmitt í Kirkjumiðstöðinni á fermingarbarnanámskeiðunum.

Það hefur einnig verið venja að fara með börn í TTT starfinu í vorferðalag í Kirkjumiðstöðina sem er alltaf vinsælt. TTT er starf fyrir börn tíu til tólf ára og hefur það gengið vel á Djúpavogi. Starf sem byggir á leikjum, fræðslu og bænastundum. Það gildir með barnastarf, TTT starf og fermingarstarf að það er svo mikilvægt að skapa með börnum og unglingum hlýjar og fallegar minningar. Og það leitast kirkjan alltaf við að gera.

Það eru margir sem taka þátt í kirkjustarfinu. Til að ein messa fari fram, þarf margt að gera. Velja sálma, æfa söng og aðra tónlist, hafa kirkjuna hreina og klára, auglýsa messu og ákveða hverjir taka þátt í upplestri o.fl. Þetta gerir presturinn ekki einn, heldur með mörgum. Stundum finnst mér eins og fólk geri sér ekki alveg grein fyrir hvað mikinn undirbúning þarf.

Meðhjálpari, til hvers er hann eiginlega? Þannig spurningu fékk ég eitt sinn.

Þegar reynir á er gott að hafa með sér traust fólk í kirkjustarfinu, ekki síst í erfiðum athöfnum eins og útförum. Þá skiptir miklu að hafa sér við hlið góðan og reyndan meðhjálpara.

Eitt sinn var ég með ljósastund í kirkjunni á sunnudagskvöldi, mig minnir að það hafi verið í tengslum við „Daga myrkurs“. Í ljósastundinni las ég ýmsa lestra í Biblíunni sem fjalla um ljós og myrkur og kórinn söng lög og sálma sem fjölluðu með einhverjum hætti um ljósið. Við höfðum tendrað óvenju mikið af kertum í kirkjunni þetta kvöld. Svo var ég að lesa ritningartextann í sköpunarsögunni „Í upphafi skapaði Guð himinn og jörð.....Myrkur grúfði yfir ...“ Og þá, allt í einu fór rafmagnið, það varð allt dimmt í kirkjunni, nema fól birtan frá kertaljósunum. Kórinn sá ekki textann sinn og presturinn gat ekki lesið áfram. En allir voru rólegir. Meðhjálparinn brást hárrétt við og fór og náði í fleiri kerti og kveikti bæði við altarið, lespúltið og orgelið. Þarna kom vel í ljós hversu mikilvægt er að hafa góðan meðhjálpara. Og ég gat haldið áfram að lesa sköpunarsöguna: Guð sagði: „Verði ljós“ og það varð ljós.

Enn eitt dæmi um samstarf margra í kirkjustarfinu. Einu sinni stökk lítil mús inn í kirkjuna rétt fyrir athöfn. Einhver sá hana áður en hún komst inn í kirkjuskipið og tókst meðhjálpara og kórsöngvara að ná henni áður en hún fór lengra og henni var sleppt út í náttúruna aftur. Ekki veit ég hvernig kirkugestir bregðast við, ef þeir verða varir við mús hlaupandi um kirkjugólfíð í miðri messu, allavega væri ég sem prestur og múshrædd kona, ekki alveg róleg og hætt við að mér yrði verulega á í messunni.

Eitt sinn í Beruneskirkju var guðsþjónusta að vori í blíðskaparveðri og það var opið út. Í miðri messu sé ég hvar heimiliskötturinn kemur gangandi inn kirkjugólfíð yfirvegaður og virðulegur eins og katta er háttur. Áður en hann komst alla leið upp að altari var hann hins vegar gripinn af meðhjálparanum, og farið með hann út og dyrum lokað. Þá heyrðist lágvær rödd á kirkjubekknunum. „Æ af hverju mátti kisi ekki vera bara með okkur í messunni“.

Ég minnst þess ekki að það hafi orðið messufall vegna veðurs á aðfangadagskvöld í Djúpavogskirkju. Þetta einstaka kvöld. Stundum ók ég úr Breiðdal á aðfangadag og fór aftur þangað eftir aftansönginn í kirkjunni, ef veður og færð leyfði. Mér finnst jólin komin þegar ég sé Djúpavog, bæinn sjálfan í jólabúningi, ljósum skryddan. Það er svo einstök og falleg sjón á kyrrlátu kvöldi, þegar enginn er á ferli að aka um bæinn og til kirkju. Þá eru jólin mín komin.

Þegar veðurútlit er ekki gott, þá hef ég hins vegar undirbúið aðfangadagskvöldið með það í huga að vera ein heima á Djúpavogi. Fyrir nokkrum árum var veðurspáin mjög slæm fyrir aðfangadagskvöld. En spáin virtist þó ekki ætla að rætast, ágætt veður var allan daginn, smá gjóla en ekkert meira. Söngfólkið kom til æfinga rétt fyrir messu, meira að segja tveir söngvarar af Berufjarðarströnd. En rétt fyrir messu, eins og hendi væri veifað, skall á mikill hvellur, ofsarok og var varla fært fyrir kirkjugesti út úr bílum sínum til kirkju og heim aftur. Ofsaveður var inni Berufirði og ekki viðlit að söngvararnir af Berufjarðarströndinni kæmust heim til sín til að borða hátíðarmatinn og halda jól með fjölskyldum sínum. Ég hafði sem betur fer verið forsjál, á jólum á maður nóg af öllu og gat nú boðið þessum heiðursmönnum að borða með mér jólamatinn og bíða af sér veðrið. Þarna áttum við saman ánægjulegt kvöld í anda jólaboðskaparins og þegar leið á kvöldið, lagaðist veðrið og jólagestirnir mínir náðu heim þó seint væri.

Það er svo margt að minnst, þegar ég rifja upp árin öll meðal ykkar. Margar skemmtilegar minningar, sem geymast en ekki gleymast. Ekki síst minnistætt fólk.

Það var ánægjulegt að vera hér prestur þegar ákvörðun var tekin um að byggja nýja kirkju og útiguðsþjónusta þegar fyrsta skóflustungan var tekin árið 1991. Kirkjan var svo vígð 19. maí árið 1996. Það tók því aðeins 5 ár að byggja þetta fallega kirkjuhús. Minnistæður viðburður og kirkjan full af fólki víða að, sem fagnaði með okkur kirkjuvígslunni. Margar góðar gjafir bárust í tilefni vígslunnar frá sóknarbörnum, félögum og fyrirtækjum. Enn og aftur kom svo vel í ljós hlýhugur í garð kirkjunnar. Kirkjuhúsið hefur líka reynst vel, margir minnistæðir viðburðir farið þar fram, eins og tónleikar á Hammondhátíðum og einnig eru mér minnistæð leikritin sem þar hafa verið sýnd: Heimur Guðríðar, leikrit um sr. Hallgrím Pétursson og Guðríði konu hans og leikritið: Eldklerkurinn um sr. Jón Steingrímsson og Skaftárelda.

Það hafa verið merk afmæli kirkjuhúsa og minnisvarðar reistir eins og um Síðu-Hall við Þvottá. Hátíðarhöld í tilefni 1000 ára afmælis kristnitöku hófust á Austurlandi með messu í Djúpavogskirkju og afhjúpun minnisvarðans við Þvottá. Allt eftirminnilegir viðburðir. En það eru líka sárar minningar. Það fylgir prestsþjónustunni að vera með fólki á erfiðum stundum og leitast við að hugga og líkna. Oft sér maður á þeim stundum það fegursta í fari fólks. Það hef ég oft reynt í starfi mínu, hvað fólk stendur þétt saman og er tilbúið að hjálpa og veita náunga sínum stuðning á erfiðum tímum. Samfélagið stendur saman, hönd í hönd, samheldni sem skiptir svo miklu máli á raunarstundum.

Eitt sinn á sjómannadaginn var ég með sjómannamessu á Djúpavogi. Eftir messu fór ég ásamt fleirum í siglingu í tilefni dagsins. Eftir hádegi var ég svo með messu í Berufjarðarkirkju. Þegar ég kom þangað sagði ég vinkonum mínum sem voru þar að undirbúa messukaffið að ég hefði verið í sjóferð. Þá sagði ein vinkona mín og sóknarbarn í Berufirði: „Það hlaut að vera.“ „Nú,“ hváði ég, af hverju? „Jú þú lítur þannig út“ sagði hún þá. Og hvernig lít ég út? spurði ég forvitin. „Þú ert eitthvað svo veðruð“

Já, ætli það geti verið að ég sé orðin veðruð af sjóroki og þokusúld. Umhverfið og samferðafólk á að sönnu þátt í að móta mann. En ég vona að ég beri umfram allt mót af þeirri reynslu sem fegurð Djúpavogs og nærsveita, fallegu fjöllin og firðirnir, gott fólk sem ég hef kynnst bæði í starfi og leik hefur gefið mér.

Ég þakka ykkur samleið, samstarf og vináttu og býð nýjan prest velkominn til þjónustu, sr. Alfreð Örn Finnsson og fjölskyldu hans. Megi þeim farnast vel á Djúpavogi. Ég vænti þess að hann finni sama hlýhug og vinarþel og ég fann fyrir 30 árum. Guð blessi hann í starfi og þjónustu allri og aðra presta hins nýja Austfjarðaprestakalls og kirkjuna á Austurlandi og starf hennar allt. Og Guð blessi ykkur öll.

Sjöfn Jóhannesdóttir

UNGMENNAFÉLAGIÐ NEISTI - SAGA FÉLAGSINS

ANNAR HLUTI: 1960 - 2010

1960 – 1969

Þann 22. Maí 1960 var aðalfundur félagsins haldinn og ný stjórn kjörin og var Ingimar Sveinsson gerður að formanni. Skuldir félagsins voru orðnar töluverðar og var eitt helsta verkefni stjórnarinnar að halda ýmis konar skemmtanir og viðburði til þess að ná inn peningum svo hægt yrði að lækka skuldir. Þá mætti á fund kvikmyndastjóri félagsins, Eyjólfur Guðjónsson frá Framnesi og tilkynnti að magnari kvikmyndavélarinnar væri bilaður og því væru sýningartækin ónothæf, auk þess sem rúkkun hefði borist frá Trípólíbíó. Skipuð var sérstök nefnd til þess að koma kvikmyndasýningarbúnaði í lag þannig að hægt yrði að hefja kvikmyndasýningar aftur.

Áhugi á íþróttaiðkun virðist hafa farið vaxandi á þessum tíma en á fundum var m.a. rætt um að útbúa svæði í Blánni til íþróttaiðkunar, að stofnuð yrði sérstök íþróttanefnd og svo var fenginn íþróttapjálfari sumarið 1961 til þess að sjá um íþróttæfingar.

Þann 4. September 1960 var knattspyrnuvöllur Breiðdælinga við Staðarborg vígður og af því tilefni var háður knattspyrnuleikur milli heimamanna í Breiðdal og Djúpavogsbúa. Leiknum lyktaði með sigri Breiðdælinga 5 – 1. Liðin áttu það sameiginlegt, að liðsmenn þeirra höfðu haft lítil tækifæri til æfinga en liðin voru skipuð sjómönnum, bændum, kennurum og mönnum úr fleiri stéttum. Lið Djúpavogs (U.M.F. Neisti) var skipað þessum mönnum: Már Karlsson, Valgeir Vilhjálmsson, Hlífur Ákason, Árni Steingrímsson, Karl Steingrímsson, Kristján Jónsson, Esjar Stefánsson, Jón Ágústsson, Karl Emilsson, Stefán Aðalsteinsson. Markvörður: Óli Björgvinsson.

Í fundargerð ári síðar má svo lesa að félagsmenn hafi tvívegis keppt við Breiðdælinga í knattspyrnu og að báðir leikirnir hafi tapast en þeir hafi þó unnið það sem mest var vert að áhugi á íþróttinni jókst mjög.

Í sömu fundargerð má einnig lesa að skuldir hafi lækkað verulega síðasta starfsár. Á sama fundi kom fram að Baldur Bjarnason útvarpsvirki á Eiðum hafi náð að laga kvikmyndavélarnar og að Kristján Sigurðsson yrði skipaður sýningarstjóri og að kvikmyndasýningar myndu hefjast að nýju.

Sumarið 1962 var Stefán Arnórsson ráðinn þjálfari og var áherslan lögð á knattspyrnu og frjálsar íþróttir. Þá var árið 1962 ákveðið að kaupa keppnisbúninga fyrir félagið og var Má Karlssyni og Hreini Jónssyni falið að velja og útvega búninga þar sem þeir ættu ferð til Reykjavíkur fyrir höndum.

Á þessum tíma er rætt um að stækka hús félagsins en jafnframt er búið að skipa í byggingarnefnd vegna nýs félagsheimilis. Stór hluti af starfsemi stjórnar snerist á þessum árum um rekstur húsnæðis félagsins en áhugi á íþróttaiðkun fór vaxandi.

Fyrir á árum var aðaláhersla lögð á sund, leikfimi og frjálsar íþróttir, en á sjöunda áratugnum jókst áhugi á fótbolta og með tilkomu sjónvarps á Djúpavogi 1969 varð áhuginn enn meiri.

1970 – 1979

Þann 12. nóvember 1974 er haldinn fundur þar sem rætt er um endurreisn félagsins þar sem deyfð er búin að vera yfir starfseminni en einnig var rætt um að vinna að endurbótum á samkomuhúsinu. Á fundinum er Sigurður Gíslason kjörinn formaður. Stuttu síðar kemur stjórnin aftur saman, nú í Vegamótum, þar sem of kalt var í Neista til að hægt væri að funda þar. Enn var rætt um endurbætur á húsnæði. Tveimur mánuðum síðar kemur stjórnin aftur saman, í þetta sinn í Neista en þá var búið að gera svo mikið fyrir húsið „að til sóma er öllum sem þar hafa komið nærri sem er takmarkaður hópur fólks með mikinn áhuga fyrir framgangi félagsstarfsemi á staðnum“ eins og segir í fundargerð. Einnig kemur fram að spilararnir Bogi, Hlífur og Gestur hafi gefið alla sína vinnu sem er stórt framlag þó að „músikin sé ekki á heimsmaðlikvarða hjá þeim“ samanber fundargerð.

Á þessum tíma höfðu nokkrir piltar stundað knattspyrnu og starfað sjálfstætt undir nafninu „Stjarnan“ og höfðu þeir farið í keppnisferðir á firðina án þess að nokkur félagsskapur hafi styrkt þá til þessa áhugamáls þeirra. Ákveðið var að bjóða þeim inngöngu í félagið og hjálpa þeim eins og mögulegt væri.

Á svokölluðum Hermannastekku var sléttað út tún og fótboltamörk reist þar og svæðið notað til iðkunar á knattspyrnu og frjálsum íþróttum á 8. áratugi 20. aldarinnar auk þess sem ýmsar skemmtanir á sjómannadegi og 17. júní voru haldnar þar og var svæðið í notkun til ársins 1983.

Það sem var einna mest áberandi á áttunda áratuginum voru deilur um staðsetningu og framkvæmdir við nýtt félagsheimili. Hafist var handa við að byggja nýtt félagsheimili þar sem gamli Neisti orðinn afar hrörlegur og fyrsta skóflustungan var tekin árið 1975 við hlið gamla Neista en vegna deilna um staðsetningu stöðvuðust framkvæmdir.

Árið 1978 hófust framkvæmdir svo aftur og aftur var fyrsta skóflustungan tekin og í framhaldinu var tekinn grunnur fyrir nýju félagsheimili. Aftur stöðvuðust framkvæmdir þar sem ekki náðist samkomulag um staðsetningu og stóð grunnurinn tómur í nokkur ár. Á meðan var viðhald á Neista ófullnægjandi og hélt húsið áfram að drabbast niður engu að síður leigði ungmennafélagið húsið til leikfímkennslu á veturna.

Á fundi árið 1978 er stofnað íþróttanefnd innan UMF Neista sem átti að hafa það hlutverk að efla íþróttastarfsemi og leita eftir styrkjum til að ráða þjálfara. Fljótlega upp úr þessu fer að færast líf í íþróttastarfsemi félagsins.

Ungmennafélagið Neisti á Djúpavogi varð 60 ára þann 24. Febrúar 1979 og var haldið upp á það með bingó, kaffisölu og dansleik á eftir.



Félagsheimilið Neisti um 1980. Húsið var byggt árið 1924 og rífið árið 1987.

1980 – 1989

Sumarið 1980 var Kristjana Hrafnkelsdóttir frá Stykkishólmi ráðin sem frjálsíþróttabjálfi hjá Neista. Kristjana var þá tvítug, nýútskrifuð úr íþróttalýðháskóla í Danmörku og skipulagði hún starfið þannig að á daginn voru leikjanámskeið og frjálsíþróttæfingar á kvöldin. Kristjana var bjálfi hjá Neista í tvö sumur og var frjálsíþróttaiðkun þá með blómlegasta móti en Neisti sendi fjölmarga keppendur á sumarhátíð UÍA.

Fjölskylduganga UMFÍ var þann 14. Júní 1980 og gengu um 60 manns frá Gamla skóla, upp Kaupstaðaklif og inn í skógrækt. Þessi fjölskylduganga mun hafa verið árlegur viðburður næstu árin.

Aðstaða til sundæfinga batnaði til muna þegar ný sundlaug var tekin í notkun árið 1981. Sundlaugin var Bóndavörðu megin við Grunnskólann og var hún 12,5 x 8 m að stærð og um 80 cm djúp. Þrátt fyrir smæð reyndist hún mikil lyftistöng fyrir sundiðkun og í kjölfarið fór Neisti að skrá keppendur til leiks á sumarhátíð UÍA.

Árin 1983 og 1984 var Ólafur Áki Ragnarsson formaður Neista og þau ár voru merkileg í sögu félagsins. Enn er verið að ræða um framtíð félagsheimilisins og á aðalfundi þann 22. mars 1983 er verið að ræða um byggingu á nýju félagsheimili og þann 3. maí sama ár kemur það fram að Ístak hf. muni reisa nýtt félagsheimili, 330 m² að stærð. Þar kemur líka fram að Sigurbjörn Hjaltason hafi verið ráðinn íþróttabjálfi og liði er safnað og æft fyrir þátttöku á Sumarhátíð UÍA.

Árið 1983 var byggður upp nýr völlur í Blánni þar sem núverandi völlur er en áhugi á knattspyrnu var mikill. Völlurinn, sem var malarvöllur var mikið framfaraskref fyrir félagið en efnið í honum þótti nokkuð gróft og kvörtuðu aðkomulið gjarnan undan því á meðan heimamenn vöndust því að spila með læri og hné rispuð til blóðs. Í kjölfarið var ákveðið að skrá lið meistaraflokks karla til leiks í Íslandsmóti í fyrsta sinn og í desember 1983 var Þorvaldur Hreinsson, múrari úr Mosfellsbæ, ráðinn knattspyrnubjálfi og undirbúningur fyrir þátttöku í Íslandsmótinu í 4. deild hófst á fullu.

21. janúar 1984 er merkilegur dagur í sögu Neista. Þann dag spilaði Neisti í fyrsta sinn í Íslandsmóti karla í knattspyrnu þegar Íslandsmót í innanhúsknattspyrnu fór fram í Laugardalshöll. Neistamenn höfðu æft í gamla félagsheimilinu Neista sem var 66 m² að stærð og því voru aðstæður í Laugardalshöll nokkuð ólíkar því sem „strákarnir okkar“ áttu að venjast. Neisti lenti í riðli með Stokkseyri, Vask og Höfnum og vann Neisti alla leikina og komst þar með upp í þriðju deild.

Á aðalfundi þann 21. febrúar 1984 er félagsheimilamálið endanlega úr sögunni þar sem fram kemur að verið sé að reisa nýja slökkvistöð þar sem aðstaða muni verða til félagsstarfsemi. Á þessum sama fundi voru kynnt drög að nýju merki félagsins. Merkið var hannað af Hafðísi Hallgrímsdóttur og hefur það verið notað nánast óbreytt síðan.

Þann 19. maí 1984 spilaði Neisti svo fyrsta leik sinn í Íslandsmóti í knattspyrnu þegar haldið var til Borgarfjarðar eystri. Liðið fór saman í rútu og Hjörtur Ásgeirsson var bílstjóri. Komið var við á Egilsstöðum og einn liðsmaður Borgfirðinga, Valgeir Skúlason, var tekinn með en hann hafði verið að spila á dansleik um nóttina.



Fyrsti heimaleikur Neista í Íslandsmóti. Leikið var gegn Sindra og vannst leikurinn 5-1. Snæbjörn Vilhjálmsson er númer 10 og snýr baki í myndavélina. Sigurbjörn Hjaltason er í bláum síðbuxum og snýr í átt að dómaraman.

Sindra þó yfir úr vítaskyrnu en Þorvaldur Hreinsson jafnaði fyrir Djúpavogslíðið. Gunnlaugur Bogason gerði síðan út um leikinn með 3 mörkum í röð og fimmta markið gerði Snæbjörn Vilhjálmsson.

Völlurinn á Djúpavogi þótti það slæmur að um það var fjallað í blöðum. Hefjast m.a. fréttir af knattspyrnu í NT sumarið 1984 á þessa leið: Neisti-Leiknir F 2-3. Þessi leikur var leikinn á hinum hræðilega velli á Djúpavogi. Í þessum leik voru skoruð hvorki meira né minna en þrjú sjálfsmörk... Enn leikið á hinum hræðilega velli á Djúpavogi. Ágúst Þorbergsson þjálfari og markvörður Borgfirðinga meiddist á hné í leiknum er hann lenti á grjótnibbu. Sauma varð sárið.

Rætt var við Óla Björgvinsson í NT þann 30. júlí 1984 vegna vallarins: „Knattspyrnuvöllurinn hér á Djúpavogi var byggður í fyrrihaust, og það var ekki unnt að setja í hann varanlegt efsta lag. Við settum hins vegar efni í hann sem við völdum úti í náttúrunni til bráðabirgða, og hann var viðurkenndur af knattspyrnuvöldum í vor," sagði Óli Björgvinsson sveitarstjóri á Djúpavogi í samtali við NT, en hann hafði samband við blaðið vegna ummæla blaðsins sem lutu að því að völlurinn á Djúpavogi væri slæmur. Óli sagði að ætlunin væri að setja harpað efni ofan á völlinn, en bíða yrði eftir því að Vegagerð ríkisins yrði á ferðinni með hörpunarvél, sem yrði líklega í haust. Hann sagði að mikil vinna hefði verið lögð í völlinn, og fjárráð sveitarfélagsins leyfðu ekki að panta vélina sérstaklega á staðinn til slíks verkefnis. Hann sagði völlinn ekki vera eins og best væri á kosið, en hann væri alltaf valtaður vandlega fyrir hvern einasta leik, og menn legðu metnað í að hann væri í sem bestu lagi hverju sinni, er Neisti leikur á honum í Íslandsmótinu, 4. deild.“

Neisti endaði tímabilið í 5. sæti af 8 liðum í F riðli austurlands með 19 stig og markatöluna 34-27 og voru menn nokkuð sáttir árangurinn á fyrsta tímabili félagsins. Snæbjörn Vilhjálmsson var markahæstur með 9 mörk og Gunnlaugur Bogason skoraði 7.

Aftur var farið á Íslandsmót í innanhússknattspyrnu í upphafi árs 1985 og að þessu sinni lenti Neisti í riðli með Tindastól, Leikni F og Þór Vestmannaeyjum. Fyrsti leikurinn gegn Tindastól endaði með sigri Neista 7-3 og því næst bar Neisti sigurorð af Leikni F 6-3. Það var því ljóst að með því að gera jafntefli eða vinna síðasta leikinn gegn Þór myndi Neisti komast upp í 2. deild. Leikurinn varð æsispennandi en Vestmannaeyingar komust í 6-3 þegar tvær og hálf mínúta voru eftir. Neistamenn náðu hins vegar að skora 3 mörk og jafna og þar með vann Neisti riðilinn og komst upp í 2. deild. Þetta töldu menn glæsilegan árangur enda liðið aðeins að taka þátt í mótinu í annað sinn. Neisti spilaði svo tvö ár í annarri deild áður en liðið féll aftur niður í 3. deild.

Sumarið 1985 spilaði Neisti aftur í Austurlandsriðli 4. deildar og að þessu sinni endaði liðið í öðru sæti og var hársbreidd frá því að komast í úrslitakeppnina en liðið endaði með 22 stig, jafnmörg og Sindri sem vann riðilinn en þar sem Sindri var með betra markahlutfall fóru Hornfirðingar í úrslitakeppnina. Árangur liðsins þetta sumar er sá besti sem félagið hefur náð í deildarkeppninni. Eftirminnlegt er að bræðurnir frá Laufási voru áberandi í liðinu þessi fyrstu ár sem Neisti lék í 4. Deildinni og í Þjóðviljanum þann 5. Júní 1985 mátti lesa eftirfarandi: **Bogasyrnir afgreiddu Egil hinn rauða! Bogasyrnir frá Djúpavogi sáu um að afgreiða Egil rauða 5-2 í Neskaupstað í F-riðli 4. deildarinnar á laugardaginn. Neisti vann 5-2, Ómar Bogason skoraði 2 mörk, Gunnlaugur Bogason 2 og þegar Neisti fékk vítaskyrnu var það Ragnar Bogason sem tók hana. Markvörður Egils varði en boltinn hrökk út til fjórða bróðurins, Ágústs Bogasonar, sem skoraði!.**

Á Vatnsskarði var töluverður snjór og minnstu mátti muna að rútan sæti föst en allt hafðist þetta og Hirti tókst að koma liðinu á Borgarfjörð í tæka tíð. Malarvöllurinn á Borgarfirði þótti einn hinn besti á Austurlandi en þar sem töluverð úrkoma hafði verið dagana fyrir leik breyttist efsta lagið á honum í ökklaðjupa for.

Í Þjóðviljanum þann 22. maí segir svo frá: „Fyrsti leikur á Borgarfirði laugardaginn 19. Maí endaði 3-2 fyrir UMFB Þorvaldur Hreinsson þjálfari Neista brenndi af vítaskyrnu á Borgarfirði en þetta var fyrsti leikur Djúpavogslíðsins á Íslandsmóti. Heimamenn herjuðu út þrjú stig, Magnús Ásgrímsson skoraði tvö marka þeirra og Þorbjörn Björnsson eitt en Snæbjörn Vilhjálmsson og Þorsteinn Ásbjörnsson svöruðu fyrir Neista“.

Fyrsti heimaleikurinn á nýjum fótboltavelli í Blánni fór svo fram þann 26. Maí gegn Sindra og vannst hann 5-1. Í Þjóðviljanum þann 29. maí segir svo frá, undir fyrirsögninni „**Glæsisigur hjá Neista í fyrsta heimaleiknum**“: „Neisti vann glæsisigur í fyrsta heimaleik sínum í 4. deild. Þrándur Sigurðsson kom

16. janúar 1986 var kjörin ný stjórn og tók þá Ólafur Ragnarsson við formennsku af Erni Magnússyni. Nýja stjórnin fundaði oft og virðist hafa verið mjög virk en hún starfaði þó aðeins í fram í september sama ár þegar ný stjórn undir formennsku Ragnhildar Steingrímsdóttur var kjörin. Á aðalfundinum í september var ákveðið að selja samkomuhúsið Neista til niðurrifs.

Á þessum árum var lífleg starfsemi í félaginu sem mikil útgjöld fylgja og oft var rætt um að greiða þyrfti niður skuldir og margvíslegar fjáröflunartillögur eru nefndar. Þann 17. júní 1986 var m.a. haldinn útidansleikur á Hermannastekjum þar sem Trío Valgeirs spilaði fyrir dansi.



Frá 17. Júní hátíðahöldum árið 1989.

Á aðalfundi þann 22. nóvember 1987 kemur fram að Neisti fékk 400.000 krónur fyrir Neista þegar hann var rifinn og þar með er sögu þessa húss lokið.

Þann 10. desember 1987 var kjörin ný stjórn og í henni störfuðu: Þórir Aðalsteinsson, formaður og með honum: Eiríkur Björnsson, Kristborg Ásta Reynisdóttir og Þorbjörg Guðjónsdóttir. Einn sá sem kosinn var hafði sagt af sér og vantaði því einn í stjórnina. Á fundinn mættu tveir fulltrúar fráfarandi stjórnar, þær Jónína Guðmundsdóttir og Ragnhildur Steingrímsdóttir. Auk þeirra var mættur fulltrúi knattspyrnuráðs, Andrés Skúlason. Helstu málefni þessa fyrsta fundar voru þau að rætt var um að gera félagsmannatal og að rukka inn félagsgjöld. Auk þess var ákveðið að halda unglingadansleik og að koma mánaðarlega út fréttabréfi. Þá var rætt um þjálfaramál og að halda skyldi spurningakeppni fyrirtækjanna í janúar. Þá kom Andrés fram með þá tillögu að þökuleggja skyldi malarvöllinn, þar sem grasvöllur væri mun heppilegri heldur en malarvöllur.

Þann 1. apríl 1989 tók ný stjórn til starfa. Formaður hennar var Kristján Ingimarsson og með honum voru Ágúst Guðjónsson, Bríet Pétursdóttir, Hafdís Bogadóttir og Brynjólfur Reynisson. Auk þess voru tveir meðlimir úr stjórn íþróttaráðs á fyrsta fundinum, þeir Sigurður Á Jónsson og Ástþór Jónsson. Málefni sem rædd voru á þessum fyrsta fundi voru m.a. að komast þyrfti að stöðu félagsins, þar sem hún væri ekki ljós, þá var rætt um spurningakeppni, bingó á sumardaginn fyrsta, eflingu á unglingastarfi, þökulagningu á malarvöllinum og ráðning á þjálfara. Þá var rætt um mikilvægi þess að sem flestir Djúpavogsbúar væri skráðir í Neista því Lottótekjur væru greiddar sem hlutfall af skráðum félagsmönnum. Þá var rætt um að breyta þyrfti útliti á Neistagöllum o.fl. Einnig kom fram að stefnt skyldi að dansleik þann 1. maí og var ákveðið að fá hljómsveitina Þörungana til að spila fyrir dansi. Þess má geta að dansleikjahald hafði undanfarin ár verið ein helsta fjáröflunarleið félagsins.

Þessi stjórn fundaði nokkuð stíft til að byrja með en eitt af þeim verkefnum sem hún hafði á hendi var að skipuleggja 17. júní hátíðahöld í tengslum við 400 ára verslunarafmæli Djúpavogs. Mikið var um að vera þann dag og í fundargerðabók er eftirfarandi skráð:

„Byrjað á skruðgöngu frá skólanum út á fótboltavöll. Þar var fyrst ávarp fjallkonu sem var Margrét Urður Snorradóttir. Síðan tóku við ýmsir leikir. Tók þá söngvarakeppni yngstu kynslóðarinnar við og var það mjög vel heppnað og skemmtilegt atriði. Vonumst við til að sú keppni eigi eftir að verða að árlegum viðburði. Fyrri part kvölds var síðan dansleikur fyrir yngsta fólkið en frá 11-3 fyrir fullorðna og spiluðu Skriðjöklarnir fyrir báðum dansleikjunum. Var margt um manninn“.

Almennt er talið að þetta sé fjölmennasti dansleikur sem haldinn hefur verið á Djúpavogi en gestir komu víðs vegar af og skiptu hundruðum.

1990 – 1999

Árið 1991 breyttist aðstaða til knattspyrnuíðkunar til hins betra þegar knattspyrnuvöllurinn var þökulagður.

75 ára afmæli félagsins var haldið þann 27. febrúar 1994 og mættu 210 manns í afmælisveisluna en annars var afmælisárið merkilegt af ýmsum ástæðum. Þorbjörg Sandholt var formaður félagsins á þessum tíma en Bríet Pétursdóttir tók við formennsku í maí.

Jóhann Hjaltason smíðaði varamannaskýli fyrir knattspyrnuvöllinn og útidansleikur var haldinn á Hermannastekku á 17. júní.

Belginn André Raes var ráðinn þjálfari í knattspyrnu og frjálsum íþróttum. Neisti náði þetta ár sínum besta árangri í bikarkeppni KSÍ knattspyrnu þegar liðið sigraði Sindra frá Hornafirði 6 – 2 og komst þar með í 32 liða úrslit þar sem það mætti stórliði Vals á Djúpavogsvelli þann 30. júní. Í liði Vals spilaði m.a. Guðni Bergsson auk þess sem Eiður Smári Guðjohnsen var á mála hjá liðinu en hann spilaði ekki þennan leik. Neistamenn mættu algerum ofjörlum sínum í leiknum sem Valur vann 12-0.

Bylting varð svo í aðstöðu til almennrar íþróttaiðkunar árið 1994 þegar nýtt íþróttahús var tekið í notkun og naut ungmennafélagið að sjálfsögðu góðs af því. Íþróttahúsið var vígt þann 1. desember 1994 en hafði þá verið í notkun frá því í byrjun október. Bygging hússins hófst 1989 en þá var grafið fyrir húsinu en aðal vinnan fór fram síðustu tvö árin. Um 250 manns voru viðstaddir vígsluna og bárust húsinu margar góðar gjafir m. a. frá sersamböndum innan ÍSÍ.

Árið 1995 er merkilegt fyrir þær sakir að þá um sumarið tók kvennalið Neista þátt í Íslandsmóti í knattspyrnu, austurlandsriðli. Reynsluleysi leikmanna gerði það að verkum að árangurinn lét á sér standa en þó náði liðið að sigra Hött á Djúpavogsvelli.

Á árunum 1987 til 1996 var skipt ört um stjórnir og formenn og sátu þær á bilinu 1-3 ár og jafnvel áttu sér stað mannbreytingar innan ársins ef því var að skipta. Andrés Skúlason tók að sér formennsku árið 1996 og sinnti hann því starfi í fimm ár. Árið 1997 var Albert Jensson ráðinn til þess að þjálfa knattspyrnu og fluttu hann og Halldóra kona hans á staðinn í kjölfarið en þau áttu eftir að starfa mikið fyrir félagið næstu árin.

Aðal starfsemi félagsins fór fram á sumrin en knattspyrna og frjálsar íþróttir voru iðkaðar af þó nokkrum krafti og voru jafnan tveir til þrír þjálfarar við störf. Umsvifin voru orðin það mikil vegna þessa að árið 1998 er í fyrsta sinn ráðinn framkvæmdastjóri yfir sumarið til að sjá um sumarstarf félagsins, eða eins og segir í bókun: „Halldór Björgvin hefur verið ráðinn í starf framkvæmdastjóra. Starfslýsing óljós og ræðst af aðstæðum á hverjum tíma.“

Árið 1998 var svo ráðinn knattspyrnuþjálfari frá Makedóníu, Dragi Pavlov að nafni en hann settist að á Íslandi í kjölfarið og þjálfaði víða, m.a. hjá Hetti, FH, Stjórnumni og Víkingi R. Dragi hafði spilað í efstu deildum í Júgóslavíu og Frakklandi, hann kunni lítið sem ekkert í ensku og enga Íslensku og því voru samskiptin við leikmennina oft á tíðum spaugileg. Það var augljóst á fyrstu æfinguni sem hann mætti á og fór fram út á söndum að viðbrigðin voru mikil fyrir hann að koma frá Balkanskaganum í áhugamannalið á Djúpavogi. Allnokkrir leikmenn frá Makedóníu og Serbíu komu svo næstu ár til að spila með félaginu í deildakeppninni.

Í fundargerðabók má finna yfirlit yfir starfsemi félagsins árið 1999 og þar kemur eftirfarandi fram: Íslandsmót 5. fl., Austurlandsmót innanhúss, Íslandsmót 5. fl. og 3. fl. Landsbankahlaup, pollamót, sumarhátíð, Króksmót 5.fl, Austurlandsmót 5. fl. Íslandsmót innanhúss. Æfingatímar 532 hjá yngri flokkunum. Önnur verkefni: Öskudagur, kofaborg, götuleikhús, 17. júní, 18. júní 80 ára afmæli Neista. Eins og sjá má hefur verið í nógu að snúast og starfsemin í blóma.

Seinni hluta tíunda áratugarins voru útiböll á Hermannastekku fastur liður, hljómsveitir eins og Sniglabandið, Á móti Sól, Papar, Sólstrandargæjarnir, Shape og Spoon komu og spiluðu. Með reglugerðarbreytingu sem leiddi til gríðarlegrar hækkunar á kostnaði við löggæslu lögðust þessar skemmtanir af.

Fyrir þessari samantekt var minnst á landsliðsmann frá Djúpavogi en annar landsliðsmaður frá Djúpavogi er Sigurður Karlsson. Siggí ólst upp og hjá á Djúpavogi fram á unglingsár en ákvað að helga sig frjálsíþróttum 16 ára gamall og flutti hann þá á Sauðárkrók þar sem hann æfði með Jóni Arnari Magnússyni, undir handleiðslu Gísla Sigurðssonar frjálsíþróttþjálfara. Siggí var í liði Íslands sem sigraði í Evrópubikarmótinu í frjálsíþróttum sem fram fór á Laugardalsvelli í júlí 1998 þar sem hann var yngsti keppandinn á mótinu, aðeins 18 ára. Siggí setti nokkur Íslandsmet á ferlinum en meiðsli komu í veg fyrir að hann gæti stundað íþróttirnar eins lengi og hann hefði viljað. Siggí var valinn íþróttamaður Neista árið 1996.

2000 – 2009

Samfara því að starfsemi félagsins var blómleg um aldamótin voru fjölmargir stjórnarfundir haldnir. Helstu viðfangsefni voru að afla tekna, sjá um starfsmannamál og standa straum af þeim kostnaði sem til féll. Þann 24. febrúar 2001 hætti Andrés sem formaður, eftir 5 ár við stjórnvölinn og ný stjórn tók við. Formaður var kjörinn Ágúst Jóhannsson og með honum: Steinunn Jónsdóttir, Hafliði Sævarsson, Axel Aðalsteinsson, Sólúný Pálsdóttir og Jóna Þormóðsdóttir.

Eitthvað er óljóst með formennsku eftir það ár því hvergi er bókað hver tekur við af Ágústi en 9. apríl 2002 tekur ný stjórn við. Þar er Sólúný Pálsdóttir kjörin formaður og með henni Sigrún Hallgrímsdóttir, Steinunn Jónsdóttir, Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir og Jóna Þormóðsdóttir.

Árið 2002 hófst samstarf Neista og Djúpavogshrepps sem fólst í því að boðið var upp á íþróttæfingar í knattspyrnu, frjálsum íþróttum og sundi af hálfu Neista í beinu framhaldi af skólatíma. Stundatöflur skólans og æfingatímar Neista voru samræmd með þetta í huga og mæltist fyrirkomulagið vel fyrir. Þar með voru íþróttæfingar á vegum félagsins stundaðar á ársgrundvelli með hléi í ágúst.

Þann 30. janúar 2003 tók ný stjórn við þar sem Albert Jensson var kjörinn formaður og með honum Sólúný Pálsdóttir, Elín K. Einarsdóttir, Jóna Þormóðsdóttir og Þórir Stefánsson. Þar lauk Steinunn Jónsdóttir störfum fyrir félagið en hún starfaði lengi sem gjaldkeri. Segja má að með formennsku Alberts hafi komið annað stöðugleikatímabil því hann starfaði sem formaður í 6 ár. Ákveðið var á fyrsta fundi að auglýsa eftir gjaldkera og var Hlíf Bryndís Herbjörnsdóttir ráðin þann 5. mars 2003.

Árið 2003 var svo tekin í notkun ný innisundlaug og var sundlaugin mikil lyftistöng fyrir sundiðkun. Sunddeild Neista var stofnuð sama ár og áhugi á sundi jókst mikið. Næstu ár á eftir fjölgaði iðkendum í sundi hjá Neista og náðu félagsmenn góðum árangri í mótum á Austurlandi.

Á þessum árum var mikið um að vera í íþróttastarfi hjá félaginu og árið 2003 voru starfandi meistaraflokkur karla, yngri flokkar í knattspyrnu, sunddeild og frjálsíþróttaráð. Þá var hin árlega spurningakeppni Neista, sem hafði verið á dagskrá í um aldarfjórðung, stór viðburður á hverju ári hjá félaginu. Framkvæmdastjóri var starfandi og leikjanámskeið og kofaborg voru í byrjun sumars að venju. Á þessu tímabili virðast fjármálin líka hafa verið í góðu lagi, allar deildir reknar með hagnaði og félagið styrkt veglega af fyrirtækjum.


Árið 2004 var sparkvallaátaki KSÍ ýtt úr vör. Um var að ræða eitthvert umfangsmesta útbreiðsluverkefni sem KSÍ hafði ráðist í en kveikjan að því var ákvörðun UEFA um að veita aðildarsamböndum sínum styrk til að byggja sparkvelli. Á Djúpavogi var sparkvöllur tekinn í notkun árið 2005 og þar með batnaði enn aðstaða til íþróttaiðkunar.

Í ágúst 2007 lék meistaraflokkur karla sinn síðasta leik í Íslandsmóti þegar liðið spilaði gegn Hömrunum á Akureyri. ATH

Starfið þessi ár, undir formennsku Alberts Jenssonar, einkenndist af miklum uppgangi félagsins og var til þess litið, bæði hjá ÍSÍ, KSÍ og UÍA hversu öflugt starfið var á þessum litla stað. Félagið náði að halda úti liði í meistaraflokki karla mun lengur en nokkur átti von á og það sem var glæsilegast í því samhengi var að liðið var nær eingöngu skipað drengjum úr heimabyggð. Þá var yngri flokka starfið í knattspyrnu einnig mjög öflugt þrátt fyrir fá börn í árgangi. Albert lét af formennsku á aðalfundi félagsins árið 2009 eftir farsælt 6 ára starf. Sú stjórn sem tók við var eingöngu skipuð konum en þær Hlíf Herbjörnsdóttir, Sóley Dögg Birgisdóttir, Klara Bjarnadóttir, Guðný Helga Baldursdóttir og Þórdís Sigurðardóttir voru kosnar í stjórn þetta ár og hafði stjórnin í nógu að snúast enda starfsemin nokkuð umfangsmikil.

Þann 17. maí 2009 var haldið upp á 90 ára afmæli félagsins með veislu á Hótel Framtíð. Um 150 manns mættu í afmælið þar sem sögu félagsins voru gerð skil auk þess sem boðið var upp á söngatriði og ræðuhöld sem skolað var niður með dýrindis bakkelsi.

Vert er að geta þess að mikið og gott starf var unnið í sundþjálfun hjá Neista að árin eftir að nýja sundlaugin var vígð en félagið sigraði í öllum þeim fjórum mótum sem haldin voru á Austurlandi árið 2009.





SVIPMYNDIR FRÁ SKÓLAGÖRÐUM 6. BEKKJAR

